

18

## Byrjað með stæl

Ester Stefánsdóttir, nýkjörinn formaður Norræna félagsins á Akureyri, hefur starfið með norrænum handverksdögum.







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. ágúst 2008 — 209. tölubla[illegible] árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**LAUGARDAG[illegible]**



**FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ MÆTAST**

Erlendur samtíma-arkitektúr í gamalli byggð skoðaður

ÚTTEKT 13

**DRAUMURINN AÐ VERULEIKA**



Pálma Rafni líkar lífið hjá norska liðinu Stabæk.

ÍÞRÓTTIR 24

**VEÐRIÐ Í DAG**




**LJÓMANDI VEÐUR** Í dag verður norðaustan eða austan 3-8 m/s, stífastur suðaustan til. Víða bjart með köflum og úrkomulaust. Hiti á bilinu 12-22 stig, hlýjast norðvestan og vestan til.

VEÐUR 4



**FORSETAHJÓNIN Á SVÖLUM ÞINGHÚSSINS** Ólafur Ragnar Grímsson var settur inn í embætti forseta Íslands í fjórða sinn í gær. Að athöfn lokinni gengu Ólafur Ragnar og Dorrit Moussaieff út á svalir þinghússins þar sem forsetinn minntist fósturjarðarinnar. Í ávarpi sínu við athöfnina lagði Ólafur Ragnar áherslu á samstöðu þjóðarinnar og þau mikilvægu tækifæri sem fram undan væru fyrir Íslendinga, meðal annars nýtingu umhverfisvænna orkulinda og auknar siglingar um Norðurhöf. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ákveður sjálfur hvað hann segir og gerir

**Forseti Íslands þarf ekki að hafa samráð við ríkisstjórn og túlkar ekki stefnu hennar, segir Ólafur Ragnar Grímsson forseti í viðtali við Fréttablaðið. Hann ræddi ekki við ríkisstjórnina áður en hann ákvað að fara á Ólympíuleikana.**

**STJÓRNMÁL** Það er ekki hlutverk forseta Íslands að túlka eða framfylgja stefnu ríkisstjórnar, segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem hóf í gær sitt fjórða kjörtímabil í embætti forseta.

„Hér er stjórnskipun þar sem forsetinn ákveður sjálfur hvað hann segir og gerir. Hann hefur sjálfstæðan málflutningsrétt og það er ekki í verkahring hans að túlka afstöðu ríkisstjórnarinnar,“ segir Ólafur.

Hann viðurkennir þó að í samræðum við ráðamenn annarra þjóða leggi hann áherslu á það sem kalla megi „stefnu lýðveldisins“. Það eina sem forsetinn verði að hafa samráð við ríkisstjórn um séu opinberar heimsóknir.

„Um slíkar heimsóknir hef ég alltaf haft samráð en hvort forseti tekur þátt í þessu málþingi frekar en öðru, hvort hann talar hér eða þar, innanlands eða erlendis, er algjörlega í verkahring forsetans sjálfs að ákveða,“ segir Ólafur.

Forsetinn hefur verið gagnrýndur fyrir utanlandsferðir og lífsstíl sem minnir á auðmenn. Hann hafnar þeirri gagnrýni afdráttarlaust.

„Að ég eða við hjónin séum að deila lífsstíl sem í hugum fólks er tengdur auðmönnum tel ég hins vegar víðs fjarri. Satt að segja er það nú þannig að allur þorri ársins er bara helgaður vinnu frá morgni til kvölds hér á Bessastöðum og frídagar fáir,“ segir Ólafur.

Hann staðfestir að hann hafi ekki haft samráð við ríkisstjórn áður en hann ákvað að þiggja boð um að vera viðstaddur Ólympíuleikana í Peking. Hann hafi meðal annars heyrt af því að þjóðhöfðingjar annarra Norðurlanda ætluðu sér að sækja leikana.

„Það þyrfti að mínum dómi ærnar ástæður til þess að Íslendingar segðu að öll hin Norðurlöndin hefðu rangt fyrir sér,“ segir Ólafur. - bj, bþs / sjá síður 16 og 17

Jón Atli skrifar einleik:

## Bubbi leikur sjálfan sig

**FÓLK** Rithöfundurinn og leikskáldið Jón Atli Jónasson vinnur nú að leikriti sem byggir á ævi Bubba Morthens. Um er að ræða einleik sem byggður er á bók sem Jón Atli skrifaði um Bubba og í samvinnu við hann fyrir tveimur árum. Verkið verður sett upp í Borgarleikhúsinu og mun Bubbi leika sjálfan sig.

„Mér finnst hann bara of stór stærð til að fá einhvern leikara til að leika hann,“ segir Jón Atli sem mun leikstýra verkinu. - jbg / sjá síðu 30



**BLÍÐVIÐRI Í EYJUM** Að sögn Páls Scheving, formanns þjóðhátíðarnefndar, voru um tíu þúsund gestir komnir til Eyja um tíuleytið í gærkvöld. MYND/ÓSKAR

Þjóðhátíð hafin í Eyjum:

## Lundinn búinn

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** „Síðasti reykti lundinn var keyptur í hádeginu. Síðan þá hefur enginn beðið um lunda svo það er spurning hvort þetta hafi ekki sloppið fyrir horn hjá okkur,“ sagði Magnús Bragason, lundareykingamaður í Vestmannaeyjum, þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gærkvöld.

„Það voru ekki veiddir nema um átta þúsund fuglar sem er ekki nema um 15 prósent af venjulegri veiði en síðan fengum við nokkur hundruð fugla frá Grímsey,“ bætti hann við. En þó að reykti lundinn hafi selst upp eiga veiðimenn eitthvað enn í fórum sínum svo ekki er útséð með það að þjóðhátíðargestir fái að bragða á fuglinum. - jse





NÆSTUM NÝIR BÍLAR
www.heklanotadirbilar.is
HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR

OPIÐ
til 20
alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, var þetta ekki rangur gangur að loka á svanga og aðra sem vilja hanga á Langa Manga?*

Jú, vissulega er þetta strangur gangur.

Kaffihúsinu Langa-Manga á Ísafirði var lokað í gær. Guðmundur Hjaltason var eigandi Langa Manga.

Borgin lánar lögreglunni húsnæði undir færanlega lögreglustöð á Lækjartorgi:

# Lögguskúr bíður afhendingar

**LÖGREGLUMÁL** Færanleg lögreglustöð, staðsett á Lækjartorgi, verður að líkindum tekin í notkun nú um verslunarmannahelgina. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir lögreglu með þessu fá afdrep til að vinna að málum innandyra í miðborginni.

„Við erum reyndar ekki búnir að fá hana afhenta,“ segir Geir Jón, sem segir borgina eiga húsnæðið, og leggja lögreglu það til. Lögregla hefur því ekki mikinn kostnað af því að fá húsnæðið.

Geir Jón segir ekki búið að fullmóta hugmyndir um nýtingu hússins. „Við ætlum að sjá til hvernig þetta þróast.“

Hann segir þó ekki standa til að hafa reglulega vakt í húsinu, menn sem verði í stöðinni muni hlaupa út í verkefni þegar þörf krefji. Húsið verði nýtt eins og þurfa þykir.

Hugmyndin kemur erlendis frá, Geir Jón segir að mælt hafi verið með þessari hugmynd, og ákveðið að gera tilraun með þetta hér á landi. Árangurinn af því að hafa stöðina verður metinn í lok sumars.

Geir Jón segist ekki óttast skemmdarverk á lögreglustöðinni. „Við verðum að treysta því að það sé ekki allt snarvitlaust hérna, en það verður að koma í ljós.“ - bj



**LÖGREGLUSKÚR** Reykjavíkurborg á skúrinn sem lögreglan mun fá til afnota í sumar, og mögulega lengur ef reynslan verður góð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Borgarfulltrúar Vinstri grænna:

# Vilja að lögunum verði breytt

**REYKJAVÍK** „Svo virðist sem lögreglustjóri hafi verið þvingaður til þess að breyta afstöðu sinni til nektardans,“ segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti VG í borgarstjórn. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gerir ekki lengur athugasemd við að veitingastaðurinn Goldfinger fái leyfi til nektardans eftir úrskurð frá dómsmálaráðuneytinu.

Svandís mun leggja fyrir borgarráð að beint verði til Alþingis að lögum sem liggja til grundvallar verði breytt. „Ef lögin koma ekki í veg fyrir rekstur sem hagnast á að misnota eymd kvenna er kominn tími á breytingar.“ - ht

Gistu fangageymslur í Eyjum:

# Mundu ekki hvar tjaldið var

**LÖGREGLUMÁL Húkkaraball sem fram fór í aðdraganda þjóðhátíðar í Eyjum í fyrrakvöld fór vel fram að sögn lögreglu.**

**Erilsamt var þó hjá lögreglumönnum í Vestmannaeyjum í fyrrinótt vegna ölvunar hátíðargesta. Taldi lögregla um þúsund fleiri gesti komna til Eyja en á sama tíma í fyrra.**

**Einn gisti fangageymslur vegna ölvunar og tveimur í viðbót var leyft að sofa úr sér hjá lögreglu að eigin ósk þar sem þeir höfðu gleymt hvar þeir höfðu tjaldað.** - ht



**LEITAÐ Í RÚSTUNUM** Lítið stóð eftir af byggingunni. NORDICPHOTOS/AFP

Bygging hrundi í Tyrklandi:

# Gassprenging á heimavist

**TYRKLAND, AP Þriggja hæða heimavistarbygging hrundi snemma í gærmorgun í bænum Balcilar í Tyrklandi. Að minnsta kosti 17 manns fórust, flest stúlkur á aldrinum 8 til 16 ára.**

**Svo virðist sem leki hafi komist að gaslögnum í húsinu með þeim afleiðingum að sprenging varð.**

**Rúmlega 40 stúlkur bjuggu á heimavistinni, en björgunarmönnum tókst að bjarga að minnsta kosti 27 þeirra úr rústunum. Stúlkurnar dvöldust þarna til að sækja kórannámskeið í skólafríinu.** - gb

# Betra að kvarta en kæra ökuníðingana

**Gangandi vegfarendur eru rétthæstir hópa í umferðinni. Þeir eiga þó bágt með að kæra þegar brotið er á þeim, svo sem þegar ökumenn virða ekki stöðvunarskyldu. Vænlegra gæti verið að taka upp farsíma og hringja á lögregluna.**

**UMFERÐIN** Erfitt og dýrt getur verið fyrir gangandi vegfarendur að kæra brotlega ökumenn. Enda slík mál oft þannig að orð stendur móti orði og sönnunarbyrðin er þung.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sagði í blaðinu nýlega að hann teldi að gangbrautum ætti að fjölga að nýju í íbúðahverfum. Með því yrðu ökumenn skyldugir til að stöðva bifreið sína fyrir gangandi vegfarendum og hleypa þeim yfir götuna, eins og um rautt ljós væri að ræða.

En hver er réttur vegfarenda, þegar bílstjórar virða ekki þennan rétt?

„Lögreglan þarf helst að vera vitni að málinu, þegar keyrt er yfir á gönguljósi,“ segir Guðbrandur. Ekki dugi framburður þriðja vitnis, því matsatriði geti verið hvenær stöðvunarskylda sé brotin og hvenær ekki. Kærur gangandi vegfarenda geti endað í löngum og dýrum málarekstri, sem síðan endar með sýknu.

„Það getur kostað kannski hálfa milljón en svo er sektin við brotinu fimm þúsund krónur,“ segir hann. Því þurfi að vega og meta atvikin í hvert sinn.

Séu umferðarlög brotin, geti hins vegar verið gott að hringja og benda lögreglunni á það. „Ef við fáum ábendinguna strax, með góðri lýsingu á ökutækinu, þá er reynt að senda nærliggjandi lögreglubíl til að vita hvort hægt sé að hafa afskipti af ökutækinu.“

Einnig ef brotin eru ítrekuð, til dæmis ef gjarnan er keyrt yfir hámarkshraða í íbúðahverfi. „Við erum dagsdaglega að skoða slíkar ábendingar,“ segir Guðbrandur.

Guðbrandur minnir þó á að jafnvægi þurfi að vera í þessu sem öðru, svo starfi lögreglunnar verði ekki drekkt í kvörtunum og skýrslugerð. Innhringingum hafi nú þegar fjölgað mikið, eftir að farsímar urðu vinsælir.

„Og fólk ætti alls ekki að fara á nornaveiðar.“

klemens@frettabladid.is



**GULT LJÓS ÞÝÐIR STOPP** Ökumenn sem beygja á vegamótum eru skyldugir til að stoppa fyrir gangandi og hjólandi vegfarendum, hvort sem þar eru gönguljós eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**GANGANDI Í RÉTTI**

„Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum, ber honum að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur, svo og gangandi vegfarendum og hjólreiðamönnum sem fara þvert yfir akbraut þá, sem hann ætlar að fara á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar sem eigi eru vegamót.“

- Úr 25. grein umferðarlaga

> Ef við fáum ábendinguna strax, með góðri lýsingu á ökutækinu, þá er reynt að senda nærliggjandi lögreglubíl
>
> **GUÐBRANDUR SIGURÐSSON**
> AÐALVARÐSTJÓRI



**HAMAGANGUR Í LEÐJUNNI** Það er ekki fyrir alla að taka þátt í mýrarbolta en þó greinilega nógu marga.

Metþátttaka í mýrarbolta:

# Margir vilja í leðjuslaginn

**MANNLÍF Útlit er fyrir að þátttökumet verði slegið í Evrópumeistaramótinu í mýrarbolta sem haldið verður á Ísafirði um næstu helgi. Að sögn Smára Karlssonar drullusokks, en umsjónarmenn mótsins bera jafnan þann titil, höfðu 22 lið skráð sig til þátttöku í gær en í fyrra tóku 25 lið þátt sem var metþátttaka.**

**„Uppistaðan er heimafólk en svo fáum við einnig lið héðan og þaðan af landinu,“ segir Smári.**

**Mýrarbolti er svipaður knattspyrnu nema að sex leikmenn eru í hverju liði og keppnin fer fram í leðjudrullu.** - jse

## DÓMSTÓLAR

**Með falsað vegabréf**

Albanskur karlmaður hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir að hafa falsað vegabréf í fórum sínum. Það fannst við leit á honum á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 22. júlí. Hann játaði og hlaut refsingu í samræmi við dómvenju.

## UMHVERFISMÁL

**Árni nýr veðurstofustjóri**

Árni Snorrason, forstöðumaður vatnamælinga Orkustofnunar, hefur verið skipaður forstjóri nýrrar Veðurstofu Íslands. Vatnamælingar og Veðurstofa verða sameinuð í janúar. Ellefu sóttu um starfið.






Karlmaður um þrítugt stunginn með hnífi í bakið á Hverfisgötu í fyrrinótt:

# Hnífamanna enn leitað í gær

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um þrítugt var stunginn með hnífi í bakið á Hverfisgötu um klukkan þrjú í fyrrinótt. Árásarmannanna var enn leitað síðdegis í gær.

Fórnarlamb árásarinnar var statt ásamt þremur öðrum í grennd við Alþjóðahús á Hverfisgötu þegar árásarmennirnir komu að. Þrír karlmenn og ein kona sáust ganga í burt af vettvangi að sögn varðstjóra hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Til orðaskipta kom milli mannanna og sjást áflog á eftirlitsmyndavél að sögn varðstjóra. Tveir menn hafi gengið í skrokk á fórnarlambinu, sparkað í það og barið. Einnig hafi maðurinn hlotið áverka undir vinstra herðablaði eftir hníf að því að talið er.

Talið var að hnífurinn hefði gengið djúpt og hóstaði fórnarlambið upp blóði. Hann var umsvifalaust fluttur á slysadeild og gekkst undir aðgerð á Landspítala í kjölfarið.

Maðurinn hlaut áverka á baki og handlegg en var í gær ekki talinn í lífshættu að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns hjá rannsóknardeild lögreglu.

Lögregla ræddi við fórnarlamb árásarinnar í gær og er málið í rannsókn. Mennirnir virðast ekki hafa þekkst fyrir. - ht



**HVERFISGATA** Karlmaður um þrítugt var stunginn með hnífi í bakið nærri Alþjóðahúsi á Hverfisgötu um klukkan þrjú í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Europris

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola, 33 cl 59-



ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# VERSLUNARMANNAHELGIN

10 pk saman




**299**
CAPRI-SONNE
- Ávaxtadjús, 10x200ml




**49**
PEPSI MAX
- 33 cl



**159** pr. pk
GLÖS - EINNOTA
- Ölglös, 10 í pk
- Snapsaglös, 18 í pk



**29.990**
GASGRILL
- 3 brennarar + hliðarhella



CAMPINGAZ

**9.990**
FERÐAHELLUBORÐ
- Með tveimur gashellum

5 í pk




**99**
SNICKERS - 5 SAMAN




**3990**
FJARSTÝRÐUR BÁTUR
- Nikko




**199**
EINNOTA GRILL
- Skiljið ekki grillið eftir út í náttúrunni!



CAMPINGAZ

**7.990**
FERÐASALERNI



**12.990**
GRILL MAXI
- 95 x 60 x 78 cm




norsjø

**Veiðivörur**
**í miklu úrvali!**

**799**
GIRNI
- Superstrong
- 0,2-0,7 mm



**3990**
BLAUTBÚNINGUR, BARNA
- St 7/8 - 12/13 ára
- 3 mm neoprene

**5990**
BLAUTBÚNINGUR, FULLORÐINS
- Dömu, st 36 - 42
- Herra, st S - XXL
- 3 mm neoprene

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

**www.europris.is**

Fiskislóð / Lynghálsi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

## GENGIÐ 01.08.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79,19 | 79,57 |
| Sterlingspund | 156,49 | 157,25 |
| Evra | 123,18 | 123,86 |
| Dönsk króna | 16,513 | 16,609 |
| Norsk króna | 15,398 | 15,488 |
| Sænsk króna | 13,051 | 13,127 |
| Japanskt jen | 0,7353 | 0,7397 |
| SDR | 128,17 | 128,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,7835

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Olíufélögin lækkuðu verð á eldsneyti um tvær krónur fyrir ferðahelgina framundan:

# Hækka hratt en lækka seint

**SAMGÖNGUR** Olíufélögin lækkuðu lítraverðið á bensíni og dísilolíu um tvær krónur um hádegi í gær. Atlantsolía reið á vaðið, og fylgdu önnur olíufélög í kjölfarið.

Verðið er nú það sama hjá þremur stóru olíufélögunum, og svo gott sem það sama hjá sjálfsafgreiðslufélögunum.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir tölur sem félagið hefur tekið saman sýna svart á hvítu það sem flestir bíleigendur hafi á tilfinningunni. Félögin séu fljót að hækka verð þegar heimsmarkaðsverð hækkar eða gengi krónunnar veikist. Styrkist krónan eða lækki heimsmarkaðsverðið séu þau ekki jafn fljót að lækka.

Kostnaðarverð á 95 oktana bensíni á heimsmarkaði í júlí var að jafnaði 1,25 krónum lægra en í júní, að teknu tilliti til gengisþróunar. Verð á bensíni hjá íslensku félögunum var að meðaltali 3,35 krónum hærra en í júní. Þróunin á verði dísilolíu var svipuð.

Kostnaður neytenda vegna þessarar auknu álagningar olíufélaganna er um 5,40 krónur á hvern lítra, þegar skattar og gjöld hafa verið tekin með í reikninginn, segir Runólfur. **- bj**



**BENSÍNVERÐ**

| | 95 oktana | Dísil |
|---|---|---|
| N1 | 169,7 | 187,6 |
| Olís | 169,7 | 187,6 |
| Shell | 169,7 | 187,6 |
| Atlantsolía | 168,2 | 186,1 |
| EGO | 168,2 | 186,1 |
| ÓB | 168,2 | 186,1 |
| Orkan | 168,1 | 186,0 |

Valið var algengasta verðið síðdegis í gær. Miðað er við verð í sjálfsafgreiðslu.

Forseti Kína í viðtali:

## Pólitík skaðar Ólympíuleika

**KÍNA, AP** Hu Jintao, forseti Kína, vildi ekki svara spurningum um mannréttindi á blaðamannafundi, aðeins viku áður en Ólympíuleikarnir hefjast.

Hann sagði að með því að halda Ólympíuleikana muni Kínverjar sýna heiminum að þeir séu friðelskandi þjóð, en sagði það grafa undan ólympíuhugsjóninni að blanda stjórnmálum saman við umræðu um leikana.

Hu hefur örsjaldan veitt viðtal í forsetatíð sinni. Blaðamannafundurinn var haldinn í Höll alþýðunnar í Peking, stóð í 70 mínútur en fréttamenn þurftu fyrirfram að leggja fram spurningar sínar. **- gb**

# Þórunn segir heildstætt mat eðlilegt

**Forsætisráðherra telur úrskurð umhverfisráðherra óþarfan. Fjármálaráðherra er hissa. Alcoa ekki hætt við en bíður eftir línu frá umhverfisráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir eðlilegt að þegar um framkvæmdir á sama svæði sé að ræða sem séu háðar hver annarri, verði áhrif þeirra metin sameiginlega. Það eigi við framkvæmdir á Bakka.

„Það er mikill misskilningur að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda snúist um að leyfa eða banna eitthvað. Það er til að tryggja öflun bestu upplýsinga,“ segir Þórunn og ítrekar að það sé sveitarstjórna að taka afstöðu. „Það er hið besta mál fyrir sveitarstjórnirnar, sem og fyrirtæki, stjórnvöld og almenning.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra segist telja úrskurðinn hafa verið óþarfan. „Aðalatriði í málinu er að ekki er verið að stöðva eða hætta við framkvæmdir, heldur að draga saman með heildstæðum hætti eins miklar umhverfisupplýsingar og hægt er. Það er síðan leyfisveitenda og þeirra sem fjárfesta að taka ákvörðun um að fara í málið. Mikilvægt er að menn vinni hratt,“ segir Geir.

„Það er stefna ríkisstjórnarinnar að nýta orkuauðlindir landsins til að auka verðmæti í landinu, sérstaklega þegar ástandið er eins og það er í efnahagsmálum. Það er alveg ótvírætt.“

Fyrr í sumar hafnaði Þórunn kröfu um heildstætt umhverfismat álvers í Helguvík. „Ósk in kom seint fram í því tilfelli og mat á einstökum hlutum framkvæmda hafði farið fram. Ég mat það þannig þá að því hefði ekki verið hægt að krefjast sameiginlegs mats, þó ég hafi ekki leynt því að vilji minn stæði til þess. Í þessu tilfelli eru aðstæður aðrar,“ segir Þórunn.

„Úrskurðurinn kemur verulega á óvart. Hér er tekið öðruvísi á málum en við önnur sambærileg verkefni. Það er ekki til góðs að breyta um vinnuaðferð frá máli til máls og það gæti orðið til að fæla erlenda fjárfesta frá, þó ég eigi kannski síður von á að svo verði í þessu tilviki,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, segir að með úrskurðinum sé álver í Helguvík sett í forgang og hann eyðileggi góða vinnu heimamanna. „Ég veit ekki hvaða leik ráðherrann er að leika.“

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaráls, segir úrskurðinn hafa komið á óvart. „Við erum ekkert hættir við, síður en svo. En við bíðum eftir línu frá ráðherra um hvernig við eigum að haga okkur, mat á ólíkum framkvæmdum ólíkra aðila hefur ekki farið fram áður.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**HÚSAVÍK** Meta þarf umhverfisáhrif rafmagnsleiðslna frá virkjanasvæðum til Húsavíkur með álverinu sem fyrirhugað er á Bakka, samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



GEIR H. HAARDE



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

## ÞAÐ EINA RÉTTA Í ÞESSARI STÖÐU

„Að sjálfsögðu eiga svona stórframkvæmdir að fara í samræmt umhverfismat í heild sinni, við í VG höfum flutt um það tillögur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Raunar viljum við að arðsemi þeirra fyrir þjóðarbúið sé metin líka, og erum þar á sama máli og OECD, og því verði svarað hvort þessar ofvöxnu fjárfestingar með tilheyrandi ruðnings- og þensluáhrifum geri meira ógagn en gagn fyrir íslenska hagkerfið,“

Hann segist vona að úrskurðurinn marki nýja tíma. „Það verður hjákátlegt ef menn ætla eftir þennan úrskurð að hverfa frá heildstæðu mati. En auðvitað á að ganga frá því með lögum að slíkt mat fari alltaf fram.“ **- kóp**

## ÚRSKURÐURINN KEMUR SEINT

„Ég hef alltaf verið mikill stuðningsmaður álvers á Bakka og þess að við vöndum eins vel til verka og kostur er. Það er hins vegar óheppilegt hve úrskurðurinn kemur seint fram. Eðlilegt hefði verið að gefa leiðbeiningar um það í upphafi að verkið ætti að meta í heild,“ segir Einar Már Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.



EINAR MÁR SIGURÐSSON

Hann segist engu að síður vera fylgjandi því að stórframkvæmdir séu metnar í heild sinni. Það verði hins vegar að liggja fyrir fyrr í ferlinu. „Nú vonum við að menn haldi ró sinni og vinni hratt og örugglega að því að koma þessu þjóðþrifaverkefni á koppinn.“ **- kóp**

## ÓÁBYRG ÁKVÖRÐUN RÁÐHERRA

„Þetta grefur undan trúverðugleika ríkisstjórnarinnar við að fást við þann mikla efnahagsvanda sem nú er kominn upp og framundan er. Það skiptir öllu máli núna að það komi fram mög skýr skilaboð frá ríkisstjórninni um orkumál okkar Íslendinga og nýtingu auðlinda,“ segir Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem segir ákvörðunina óábyrga.



ILLUGI GUNNARSSON

„Það hefur hins vegar aldrei staðið til að fara einhverja skemmri skírn, enda var niðurstaða Skipulagsstofnunar komin fram og hún var góður leiðarvísir í málinu.“

Hann telur úrskurðinn og yfirlýsingar Samfylkingarfólks um virkjanir í neðri Þjórsá ekki hjálpa til í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að vinna að efnahagsmálum. **- kóp**

## ÞETTA ER EINS OG RÝTINGUR Í BAKIÐ

„Þetta eru gríðarlega mikil vonbrigði fyrir okkur hér nyrðra og maður er hættur að skilja stjórnvöld. Annað slagið er gefið vink um að þetta sé í lagi og menn styðji við bakið á okkur. Síðan kemur þessi úrskurður þvert á úrskurð Skipulagsstofnunar,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis.



AÐALSTEINN BALDURSSON

„Ég hef þau orð beint frá ákveðnum ráðherra að ef við færum eftir ákveðinni línu og færum ekki fram úr okkur, yrði stutt við okkur. Þetta eru svik við það og eins og rýtingur í bakið.“ **- kóp**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**HIÐ FÍNASTA HELGARVEÐUR**
Í dag skulum við njóta þess að vera úti í þessu hlýja og bjarta veðri en á morgun fer hitinn að lækka og eðlilegur íslenskur sumarhiti tekur við. Veðrið verður milt út helgina og vindur almennt fremur hægur.




**Á MORGUN**
Hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Hægast austan til.

**MÁNUDAGUR**
Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Billund | 21° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 21° |
| Gautaborg | 22° |
| London | 19° |
| París | 20° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Berlín | 26° |
| Alicante | 29° |
| Mallorca | 31° |
| Basel | 27° |
| Eindhoven | 22° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

*Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!*

BYLGJAN 989

# Sumarleikur NINGS




**Vinnur þú einn sparneytnasta bíl landsins til afnota í heilt ár?**

Das Auto. HEKLA olís LAUGAR SÉÐ OG HEYRT Coca-Cola WWW.ICELANDAIR.IS

**Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.**
Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
**Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.**

**SUMAR TILBOÐ**

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
- Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur **2790** fyrir tvo

krónur **1395** á mann

*ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MEÐ TILBOÐINU*

# NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
**PÖNTUNARSÍMI: 588 9899**
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

**Þú finnur ótrúlegt úrval ljúffengra rétta á matseðli okkar á www.nings.is**

*Fylltu út seðilinn hér að neðan og skilaðu til okkar á Nings og þú ert með í leiknum.*

***...og kroppurinn blómstrar!***

Nafn ______________________

Heimili ______________________

Sími ____________ netfang ____________

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér eðlilegt að veitingastaðurinn Goldfinger fái leyfi til að bjóða upp á nektardans?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,5 |
| Nei | 48,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu á móti heildstæðu umhverfismati fyrir stóriðju?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Réttargæslumaður segir dóm yfir fyrrverandi háskólakennara of vægan:

# Brýnt að tryggja öryggi stúlknanna

**DÓMSMÁL** „Ég átti von á þyngri dómi," segir Steinunn Guðbjartsdóttir, réttargæslumaður flestra þolenda rúmlega fimmtugs karlmanns sem dæmdur var í fjögurra ára fangelsi á fimmtudag fyrir kynferðisbrot gegn sjö stúlkum.

„Mér finnst dómurinn of vægur miðað við hvað þetta eru margir brotaþolar og alvarleg brot, einkum þau sem hann framdi gagnvart stjúpdóttur sinni," segir Steinunn. Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa haft mök við stjúpdóttur sína að minnsta kosti í þrígang. „Þarna var um að ræða alvarleg og ítrekuð brot og einbeittan brotavilja," segir Steinunn.



**SEKUR** Maðurinn var jafnan nakinn innan um stúlkurnar. Hann tók klámfengnar myndir af dætrum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Maðurinn hefur þegar setið af sér fjóra mánuði dómsins í varðhaldi, sem þýðir að hegði hann sér vel í fangelsinu gæti hann sótt um reynslulausn eftir tuttugu mánuði. „Ég vonast til þess að barnaverndaryfirvöld tryggi öryggi stúlknanna þegar þar að kemur," segir Steinunn. Mikilvægt sé að koma í veg fyrir að maðurinn flytji með fjölskyldu sína úr landi ef hún tekur við honum aftur.

Stúlkunum voru dæmdar miskabætur sem námu á bilinu 150 þúsundum til tveggja milljóna. Steinunn segir þær upphæðir í samræmi við dómafordæmi. „En þær koma náttúrulega hvergi nærri því að bæta tjónið sem stúlkurnar hafa orðið fyrir." **- sh**

Hjálparþjónusta FÍB:

# Verða á vakt alla helgina

**UMFERÐ Félag íslenskra bifreiðaeigenda verður með aðstoð við bíleigendur á ferðalagi um verslunarmannahelgina. Miðast aðstoðin við bíleigendur sem þurfa á þjónustu bílaverkstæðis að halda eða vantar varahluti.**

**Bílar FÍB verða á fjölförnustu leiðum auk þess sem umboðsmenn félagsins og samstarfsaðilar um land allt verða í viðbragðsstöðu. Skrifstofa FÍB hefur milligöngu um aðstoðarbeiðnir en þar verður vakt fram á mánudag. Tekið er við beiðnum um aðstoð í síma 414 9999.** **- ovd**


97,83%

FRÁBÆR ÁRANGUR!

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI


# Fornmunir fundust ekki í Skipholtskrók

**Hópur manna sem leitar að munum úr fórum musterisriddara fann þá ekki eftir hálfs mánaðar leit sem lauk í vikunni. Þeir telja kenningar sínar þó enn réttar og hyggjast ótrauðir halda leitinni áfram á sömu slóðum á næsta ári.**

**FORNLEIFAR** Leit að fornmunum úr frumkristni í Skipholtskrók á Kili bar ekki árangur í leit sem er nýlokið.

„Það kom í ljós að útreikningarnir skiluðu ekki hellisrými niðri á þessum stað en leitin heldur áfram," segir Gísli Óskar Pétursson, einn leiðangursmanna.

Það sem leitað er að eru munir sem talið er að hinir ofsóttu musterisriddarar hafi komið undan og falið á Íslandi á þrettándu öld. Sagt er að þar sé meðal annars að finna hinn heilaga kaleik sem Kristur bergði á við hina síðustu kvöldmáltíð.

Hópurinn vinnur eftir kenningum ítalska vísindamannsins Giancarlos Gianazza. Að sögn Gísla hefur Ginazza gert fjölda uppgötvana á Kili sem ríma við kenningar hans sem að stórum hluta byggja á ljóðabálki Dantes, Hinum guðdómlega gleðileik, þar sem staðsetning kvæða vísar til tiltekinnar hnattstöðu. Samkvæmt kenningunni kom Dante til Íslands árið 1317 og vitjaði leynihvelfingar þar sem musterisriddarar komu fyrir ýmsum munum, sennilega mikilvægum skjölum, einni öld fyrr. „Giancarlo veit til dæmis upp á hár hvar Dante kom yfir jökulfallið og hvernig hann gekk um svæðið," útskýrir Gísli.

Leitarhópurinn sem nú hefur lokið fjórðu för sinni á Kjöl gróf skurð að þessu sinni og boraði tilraunaholur til að koma betur við mælitækjum. Þær vísbendingar sem fengust bentu til þess að vatn væri þar sem menn töldu munina geta verið.



**LEITARMENN Í SKIPHOLTSKRÓK** Sitjandi eru Vigfús Magnússon læknir og Geir Zoëga. Nær er Esther Guðjónsdóttir, bóndi í Sólheimum og hreppsnefndarfulltrúi, á tali við Bjarna F. Einarsson fornleifafræðing. Bak við þau stendur Ingvar Jóhannsson, sonur Estherar og Jóhanns Kormákssonar bónda í Sólheimum sem er lengst til hægri. Milli Bjarna og Jóhanns stendur Gianfranco Morelli jarðeðlisfræðingur. MYND/GOP

Auk þeirra vísindamanna og leikmanna sem tilheyrðu leiðangrinum voru ýmsir aðrir sem litu við í Skipholtskrók þann hálfa mánuð sem rannsóknin stóð að þessu sinni. Voru það meðal annarra íslenskur fornleifafræðingur og fulltrúar Hrunamannahrepps. „Giancarlo vildi einmitt að ef eitthvað kæmi í ljós að þá væru það opinberir aðilar sem myndu finna það," segir Gísli.

Leitinni verður haldið áfram sem fyrr segir. „Ég reikna með því að við snúum aftur á næsta ári," segir Gísli sem kveður ljóst að samkvæmt túlkun Ginazzas á kvæði Dantes sé það sem leitað er að í Skipholtskrók þótt það hafi ekki verið einmitt á þeim stað sem skoðaður var í þessari ferð. Hans eigin tilgáta sé að Dante hafi viljað villa um fyrir óvildarmönnum sínum innan Páfagarðs með falsvísbendingum. „Þessi staður geymir ekki það sem gaman er að finna svo nú spyrja menn sig hvar það er og hvernig það er falið í kvæði Dantes."

**gar@frettabladid.is**


Orkuveita Reykjavíkur

Ganga um Hengilssvæðið

**Sunnudaginn 3. ágúst** verður farin gönguferð um Engidal og inn í Marardal í vestanverðum Henglinum. Rifjaðar verða upp sögur útilegumanna á þessu svæði. Gangan er létt og tekur u.þ.b. fjórar klukkustundir. **Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól klukkan 13:00.** Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Almar Sigurðsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar.



• OR á stærstan þátt í því að orkukerfi Íslands er talið það umhverfisvænsta í heimi. www.or.is



vísir.is

"...ég sá það á vísi"


Saving Iceland um eyðileggingu tilraunaverkefnis á Hellisheiði:

# Fordæmir skemmdarverkin

**UMHVERFISMÁL** Saving Iceland fordæmir skemmdarverkin sem unnin voru á landgræðsluverkefni Orkuveitunnar og Landbúnaðarháskólans á Hellisheiði, segir Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson, talsmaður samtakanna.

„Við erum í þessu til að benda á eyðileggingu umhverfisins og myndum aldrei taka þátt í henni sjálf," segir hann. Honum lítist vel á verkefnið, sem snýst um að græða svæði sem raskað hefur verið með upprunalegum staðargróðri.

Snorri bendir á að Saving Iceland-hópurinn sé ekki einn á heiðinni. Þangað komi fullt af jeppafólki og mótorhjólamönnum að spæna upp jarðveginn.

„Og ég hvet fólk til að koma þangað og skoða mannvirki og pípur Orkuveitunnar, sem eru þarna úti um allt," segir hann.

Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóri Orkuveitunnar, segir að tilraun Landbúnaðarháskóla hafi byrjað fyrir tveimur árum.

„Og sums staðar er þetta alveg unnið fyrir gýg og þarf að byrja á núlli. Hafi menn verið að agnúast út í Orkuveituna, þá var það lítils. Þetta er tilraun sem skapar þekkingu sem kemur öllu þjóðfélaginu til góða," segir hann.

Skemmdarverkið komi upp um „alveg gríðarlegan vanþroska" skemmdarvarganna. **- kóþ**



**NÝR STAÐARGRÓÐUR Á HELLISHEIÐI** Landbúnaðarháskólinn og Orkuveitan hafa í tvö ár gert tilraunir með hvernig megi best rækta staðargróður á landi sem hefur verið hreyft við. Verkið hefur nú verið tafið um allt að tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI


03:40
OPIÐ
Allan sólarhringinn
Alla verslunarmannahelgina
Í öllum verslunum 10-11
24
10 11
...alltaf opið!
www.10-11.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umhverfisráðherra breytir landslaginu.

## Þyngra undir fæti

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Sú ákvörðun umhverfisráðherra að breyta niðurstöðu Skipulagsstofnunar um aðferðafræði við umhverfismat vegna orkunýtingar og stóriðju á Bakka er meira en tæknileg ákvörðun. Hún er hindrun eða í besta falli töf á þessum framkvæmdum og breytir nokkuð landslaginu bæði í pólitík og efnahagsmálum.

Lengi hefur verið vitað um djúpstæð innanflokksátök í Samfylkingunni um stefnuna í orkumálum. Iðnaðarráðherra hefur barist fyrir því að flokkurinn stæði ekki í vegi fyrir öllum áformum í þeim efnum. Fram til þessa hefur flest bent til að utanríkisráðherra og formaður flokksins styddi þá viðleitni. Þessi atburður gefur hins vegar ótvírætt til kynna að svo sé ekki. Þetta er ákvörðun af þeirri stærðargráðu að annað er útilokað en hún sé tekin með vilja flokksformannsins.

Vitað var að afstaða umhverfisráðherra væri brotalöm í ríkisstjórnarsamstarfinu. Fram til þessa hefur þó mátt líta svo á að ekki væri útilokað að ríkisstjórnin gæti náð viðspyrnu í efnahagsmálum þrátt fyrir þennan veikleika. Nú þegar formaður Samfylkingarinnar tekur afstöðu með þeim sem fylgja VG að málum á þessu sviði veikist trúverðugleikinn að baki jákvæðum túlkunum af því tagi.

Hluti ráðherra Samfylkingarinnar hefur unnið að því að bregða fæti fyrir orkunýtingu í neðri hluta Þjórsár og meðfylgjandi nýrri tegund orkufreks iðnaðar á Suðurlandi. Aðrir hafa verið í andstöðu við álver í Helguvík. Nú er ljóst að meirhlutinn vill einnig að setja orkunýtingaráformin fyrir norðan í uppnám.

Aðstæður hafa breyst á þann veg í þjóðarbúskapnum að brýnt er að flýta öllum þessum áformum um orkunýtingu og verðmætasköpun. Verði það ekki gert verður brautin þyngri að ná jafnvægi í peningamálunum. Ljóst er einnig að þyngra verður undir fæti hjá launafólki en ella hefði orðið. Þegar horft er á ákvörðun umhverfisráðherra í stærra samhengi veikir hún trúverðugleika landsins á fjármálamörkuðum.

Pólitíska landslagið breytist einnig. Með hæfilegri einföldun má segja að umhverfisráðherra hafi komið Samfylkingunni í sams konar stöðu í ríkisstjórn og núverandi oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn kom flokki sínum í á þeim vettvangi. Í báðum tilvikum er forysta VG að ráða býsna miklu um framgang eins stærsta máls þjóðarinnar án þess að vera við völd.

Landslagsbreytingin í pólitíkinni er hins vegar meiri en sú ein að umhverfisráðherra hafi komið Samfylkingunni í kjánalega stöðu. Flestir hafa verið þeirrar skoðunar að framtíðarjafnvægi í peningamálum væri útilokað með óbreyttri mynt. Aðild að Evrópska myntbandalaginu og Evrópusambandinu hefur meðal annars fyrir þá sök verið áleitinn kostur.

Ljóst er að Ísland getur ekki uppfyllt skilyrði myntbandalagsins fyrr en á næsta kjörtímabili og þá því aðeins að nú þegar verði gripið til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og markvissrar orkunýtingar til að auka hagvöxt auk bráðaaðgerða í peningamálum. Tafaleikir í orkunýtingarmálum rýra trúverðugleika ríkisstjórnarinnar í viðleitni til að ná þessum markmiðum.

Í raun sýnist umhverfisráðherrann því vera að draga upp þá mynd að Samfylkingin sé ekki fyllilega tilbúin til að gera þær erfiðu efnahagslegu ráðstafanir sem gætu gert aðild að Evrópusambandinu mögulega á næsta kjörtímabili. Alltént er minni trúverðugleiki á bak við slíkar yfirlýsingar eftir þetta.

Viðbrögð forsætisráðherra voru þau að henda bjarghring til umhverfisráðherrans. Sú aðgerð kemur ríkisstjórninni vel í augnablikinu en breytir ekki eðli málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heimdellingar hættir?

Það er af sem áður var þegar stuttbuxnadeild Sjálfstæðisflokksins var reiðubúin að fórna lífi og limum fyrir þann rétt að þéna í laumi, eins og árið 2000 þegar til átaka kom á skrifstofu skattstjóra á milli hnýsinna og ungsjalla. Athygli vakti að Heimdellingar voru nefnilega hvergi sjáanlegir hjá skattstjóra þegar álagningarskrár voru gerðar opinberar á fimmtudag. Þau skilaboð fengust úr herbúðum ungliðanna að afstaða þeirri hlyti að vera orðin öllum ljós og ekki þyrfti alltaf að gera það sama. Nú væri loksins komið nóg. Þrátt fyrir það höfðu SUS-arar staðið vörð um skattskrárnar frá því í upphafi aldar og aldrei misst úr ár. Enn eru álagningarskrárnar þó birtar og því ljóst að baráttan hefur ekki borið ávöxt. Hafa menn gefist upp?



### Búið að finna varmann

Leitað hefur verið logandi ljósi að jarðvarma fyrir fyrirhugað álver á Bakka. Nokkuð heitar umræður hafa átt sér stað um það mál milli Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra og Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar. Síðan hefur hitnað í mörgum sjálfstæðismönnum vegna úrskurðar Þórunnar Sveinbjörnsdóttur. Svona getur lífið verið skrítið, menn leita að jarðvarma en finna svo hitann einhvers staðar allt annars staðar.



### Mikill auður en lítil samstaða

Forseti vor, herra Ólafur Ragnar Grímsson, segir síðan í öllum látunum að fáar þjóðir eigi í fari sínu slíkan auð, sem Íslendingar búi yfir. Fæstir myndu neyta því. Nú vantar bara fólk sem er samstíga um það hvernig á að nýta auðinn en fáar þjóðir eiga jafn ósamstillta stjórnendur og okkar hafa verið í þeim efnum undanfarið.

stigur@frettabladid.is/
jse@frettabladid.is

## Tilfinningaskyldan



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Tilfinningalíf

Dómsmálaráðherra hefur, í samvinnu við Ríkislögreglustjóra, Neyðarlínuna, Landhelgisgæsluna og Landssamtök björgunarsveita, ákveðið að koma á fót nýrri tegund af neyðarvakt sem lýtur að tilfinningalífinu. Verkefnið, sem hlotið hefur nafnið Tilfinningaskyldan, hefur verið nokkurn tíma í undirbúningi en fyrstu tilraunir með þetta nýja kerfi voru gerðar fyrr í sumar og nú er ráðgert að prufukeyra það enn frekar um verslunarmannahelgina.

Að sögn Helgu Drafnar Ásgeirsdóttur, verkefnisfulltrúa hjá áhættugreiningadeild Ríkislögreglustjóra, hefur þessi þjónusta verið að ryðja sér til rúms í nágrannalöndunum á undanförnum árum og gefið góða raun. Í upphafi var starfsemin aðeins bundin við sumartímann en bæði í Noregi og Svíþjóð hefur hún vaxið hratt og er nú starfrækt allan ársins hring.

„Norðmenn kalla þetta Hjartavaktina en hún tók til starfa árið 2005 og hefur gengið mjög vel síðan. Það hefur sýnt sig að fórnarlömb ástarröskunar eru treg til að hringja í Neyðarlínuna og því er hér um hreina viðbót að ræða. Menn telja líka að þjónustan skili sér margfalt til baka því þetta hefur auðvitað mikið forvarnargildi. Félagsfræðirannsóknir sýna að allt að 88% sjálfsvíga tengjast tilfinningasveiflum, þunglyndi eða geðlægðum sem oftar en ekki eiga sér upphaf í erfiðleikum í tilfinningalífinu. Þá hefur Rannsóknarnefnd umferðarslysa einnig komist að því að 31% slysa í umferðinni er tilkomit sökum tilfinningaróts. Það er mjög sambærilegt niðurstöðum frá löndunum í kringum okkur,“ segir Helga Dröfn.

Starfsstöð Tilfinningaskyldunnar verður fyrst um sinn í húsnæði Neyðarlínunnar í Skógarhlíð og verða tveir starfsmenn á sólarhringsvakt þar alla helgina. Auk þess verða fleiri starfsmenn á vettvangi sem sinna munu útköllum. Þriggja stafa bráðanúmeri verður dreift á tveimur af stærstu útihátíðum landsins og því geta einstaklingar sem lenda í slæmum hryggbrotum eða hjartasorgum um helgina hringt í númerið og þá eiga starfsmenn hjartavörslu að birtast von bráðar og veita fyrstu hjálp. Ragnar Sæberg er hjartavörður hjá Tilfinningaskyldunni.

„Við komum til með að veita þessa hefðbundnu áfallahjálp, eins og Rauði krossinn og bjögunarsveitirnar hafa verið veita í gegnum tíðina en svo förum við líka aðeins dýpra í hlutina, því áföll af þessu tagi eru oft mun alvarlegri en þau sem fólk lendir í við jarðskjálfta eða húsbruna. Ástarsorg heltekur oft fólk mjög illa þannig að það gerir alls konar hluti sem það myndi alls ekki gera undir venjulegum kringumstæðum. Og þá kemur það til kasta okkar að tala fólk niður. Við höfum verið að prófa okkur áfram með nýjar aðferðir eins og það sem á ensku er kallað „power-hug“ eða krafthuggun.“

Að sögn Ragnars getur meðferðin tekið allt upp undir sólarhring. „Við reynum að sinna fólki eins lengi og við mögulega getum, en þetta er auðvitað allt á byrjunarstigi og við erum kannski full fáliðuð ennþá. En við erum ákveðin í því að standa okkur um helgina.“

Verkefnisstýra og væntanlegur forstöðumaður hinnar nýju þjónustu er Vigdís Embla Orradóttir, sem hefur fylgt verkefninu úr hlaði fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins. Að sögn hennar hefur kerfið þegar sannað ágæti sitt því fyrr í sumar hafi verið gerðar tilraunir með það og árangur verið umfram væntingar.

„Símaverið hefur í raun verið opið frá 1. júní þótt það hafi ekki verið gert opinbert,“ segir Vigdís Embla. „Í vor dreifðum við bráðanúmerinu í nokkrar deildir vinnuskóla á höfuðborgarsvæðinu og strax í fyrstu vikunni fengum við nokkur símtöl. Það sem kom þó mest á óvart var að í lok mánaðarins var hringt úr Landmannalaugum þar sem þýsk stúlka var í hættu stödd eftir að hafa sinnast við unnusta sinn. Hún hafði hlaupið fáklædd út í mjög illfært hraun og var orðin köld. Við unnum þessa aðgerð í samvinnu við Landhelgisgæsluna sem sendi þyrlu á staðinn og málið fékk farsælan endi.“

Umrædd stúlka hafði fengið númerið hjá íslenskri vinkonu sinni. Hún hafði reyndar áður nýtt sér sams konar þjónustu í heimalandi sínu en Þjóðverjar voru með fyrstu þjóðunum til að koma á fót neyðarlínu af þessu tagi.

Að sögn Vigdísar Emblu verður veturinn notaður til reynslumats og þjálfunar starfsfólks. Hún reiknar með því að bráðanúmerið verði auglýst meðal almennings strax næsta vor og þá verði starfsemi Tilfinningaskyldunnar komin í fastar skorður.

Ekki náðist í dómsmálaráðherra við vinnslu fréttarinnar og hann svaraði ekki spurningum sem honum voru sendar í tölvubréfi.

## Heildstætt mat það sem þarf

**UMRÆÐAN**

Steingrímur J. Sigfússon skrifar um umhverfismál



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Það merkilegasta við úrskurð umhverfisráðherra um að meta skuli heildstætt umhverfisáhrif áforma um virkjanir, línulagnir og verksmiðjubyggingu sem kennd eru við Bakka norðan Húsavíkur er að til skuli þurfa úrskurð ráðherra og að málið skuli yfirleitt teljast frétt. Svo sjálfsagt sem það er þegar efnisatriði málsins eru skoðuð að það séu heildaráhrifin af öllu saman, virkjunum og línulögnum með vegagerð og öðru tilheyrandi og svo mengun og önnur áhrif af verksmiðjunni sem virkjanir og línur fóðra sem skoða þarf. Það er f.o.f. til marks um veika stöðu umhverfismála hér á landi og handahófskennda stjórnsýslu að þetta verklag skuli ekki tekið upp fyrir löngu. Fyrir því höfum við Vinstri græn barist lengi og fyrri niðurstöður ráðherra eins og í tilviki Helguvíkurframkvæmdanna þar sem úrskurðað var framkvæmdaaðilum í hag og náttúran fékk ekki að njóta vafans höfum við gagnrýnt.

En það er fleira í sambandi við stórframkvæmdir sem þarf að meta. Við Vinstri græn höfum lagt það til nokkur undanfarin ár að ekki verði ráðist í frekari orkufrek stóriðjuverkefni fyrr en fram hefur farið hlutlaust og gagnsætt þjóðhagslegt arðsemismat á breiðum grunni. Hið sama hefur efnahags- og framfarastofnunin, OECD, lagt til í a.m.k. tveimur síðustu ársskýrslum sínum um Ísland. Rök sérfræðinga OECD eru einfaldlega þau að of mikil óvissa sé um raunverulega þjóðhagslega arðsemi þess að ráðist verði í frekari stóriðjuframkvæmdir, horfa verði til frádráttarliðanna, ekki síst ruðningsáhrifa gagnvart öðru atvinnulífi, þeirrar meðgjafar sem áliðnaðurinn nýtur, vandamála sem hinar ofvöxnu fjárfestingar skapa í hagstjórn (hverju við erum nú heldur betur að súpa seyðið af Íslendingar þessa dagana). Loks er bent á í skýrslum OECD að skoða þurfi það vandlega hvort hyggilegt sé að setja fleiri egg í sömu körfuna, álkörfuna, fyrir íslenskan þjóðarbúskap.

Fari svo að eftirleiðis verði umhverfisáhrif stórframkvæmda metin heildstætt er því aðeins hálfur sigur unninn, en vissulega mikilvægur.

*Höfundur er formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.*

FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




*Tryggðu þér eintak!*

TAKMARKAÐ UPPLAG • Aðeins selt í 12 daga*

* skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsíminn er **512 7575** | heimur

MAÐUR VIKUNNAR

# Heiðarlegur ástríðumaður

Tillaga að nýbyggingu Listaháskóla Íslands á Frakkastígsreit við Laugaveg hefur vakið mikla athygli og verið áberandi í umræðunni undanfarna daga. Hjálmar Helgi Ragnarsson, rektor Listaháskólans og formaður dómnefndar vegna samkeppni um hús Listaháskólans, er maður vikunnar.

Hjálmari er lýst sem heiðarlegum og hreinskiptnum manni. Hann er mjög skipulagður en einnig sveigjanlegur þegar þess þarf. Hann er sagður skemmtilegur húmoristi sem yfirleitt er léttur í skapi og kátur.

Hjálmar vill hafa hluti vandaða og ígrundaða þótt hann sé hugmyndaríkur eldhugi. Hann framkvæmir yfirleitt ekki án þess að hugsa málin vel. Hann er mjög vinnusamur og nákvæmur og er það talið til kosta hans og lasta. Honum hættir til þráhyggju og smáatriðin eiga til að flækjast fyrir honum en yfirleitt hefur hann nokkuð skýra heildarsýn. Þá á hann mjög auðvelt með að hrífa fólk með sér og hefur hann sterka nærveru. „Ef Hjálmar er í góðu formi getur hann selt hvað sem er," er haft eftir samstarfsmanni hans. Hjálmar er mjög trúr þeim verkefnum sem hann tekur að sér og vinnur þau af miklum eldmóði.

Hjálmar er fæddur og alinn upp á Ísafirði en á ættir sínar að rekja til Þingeyjarsýslna. Hann er því sagður sérkennileg blanda af Þingeyingi og Vestfirðingi.

Hann er maður andstæðna, frjálshyggjumaður og gamaldags sem birtist meðal annars í því að hann er bæði sveitamaður og heimsborgari. Sem hjá honum fer vel saman.

Í eðli sínu er hann sagður nítjándu aldar maður, rómantískur ofurhugi. Þar liggi hans stóru gæði sem manneskju en hugsanlega einnig gallarnir. Hann er líka praktískur hugsjónamaður og enginn miðjumoðsmaður. Á sama tíma og hann er rómantískur hefur hann mjög sterka tengingu við raunveruleikann og nýsköpun. Hann er skemmtileg blanda af gamaldags og mjög framsæknum manni.

Hjálmar er sagður bera mikla virðingu fyrir listinni og listsköpun. Því hafi það verið mikil gæfa fyrir Listaháskóla Íslands að Hjálmar skyldi verða fyrsti rektor skólans. Þar er hann sagður réttur maður á réttum stað. Hann hafi blómstrað í starfi rektors og verið skólanum mjög mikilvægur. Er Hjálmar sagður góður fulltrúi þess anda sem þurfi að ríkja í listaháskóla. Sjálfur sé hann listamaður sem er heill gagnvart sinni eigin sköpun og beri virðingu fyrir sköpun annarra.

Hann er sagður eiga auðvelt með að semja tónverk og laglínur sem grípa hlustendur tilfinningatökum. Því eigi sköpun tónlistar vel við hann. Vegna mikilla anna sem rektor Listaháskólans hefur minna borið á listsköpun Hjálmars hin síðari ár. Er það sögð sú fórn sem hann færir og til marks um hug hans til skólans og uppbyggingar listnáms á Íslandi.

Hjálmari er lýst sem ákaflega kurteisum manni sem eigi auðvelt með að eiga samskipti við fólk. Hann reiðist sjaldan þó að hann sé ákveðinn og fylginn sér. Hann er mjög krefjandi maður í samstarfi en á jafnframt auðvelt með að setja sig í spor annarra.

Helstu áhugamál Hjálmars eru listir og útivist. Hann er mikill náttúruverndarsinni og stundar göngur um óbyggðir Íslands. Laxveiðar veita honum mikla ánægju en þar er hann ekki síður að leita eftir útiverunni. Hann hefur gaman af lestri og mikinn áhuga á stjörnufræði og vísindum. Þá hefur hann áhuga á líkamsrækt og sækir hann líkamsræktarstöðvar reglulega.

Hjálmar er heimakær og virðir einkalíf sitt mikils. Hann á marga félaga en fáa nána vini. Líf hans að mjög miklu leyti um starfið og þau verkefni sem hann fæst við hverju sinni.

## HJÁLMAR HELGI RAGNARSSON




## ÆVIÁGRIP

Hjálmar Helgi Ragnarsson fæddist á Ísafirði 23. september 1952. Foreldrar hans voru Sigríður Jónsdóttir Ragnar, kennari, fædd á Gautlöndum í Mývatnssveit, og Ragnar Hjálmarsson Ragnar, tónlistarskóla- og söngstjóri á Ísafirði, fæddur á Ljótsstöðum í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Hjálmar á tvær eldri systur, þær Önnu Áslaugu píanóleikara og Sigríði tónlistarskólastjóra. Hjálmar er kvæntur Sigríði Ásu Richardsdóttur framkvæmdastjóra og saman eiga þau tvö börn, Nínu Sigríði og Snorra. Hjálmar á einn son, Ragnar, af fyrra hjónabandi. Fyrri kona hans er Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sendiherra.

Hjálmar lauk lokaprófi frá Tónlistarskóla Ísafjarðar árið 1969. Að því loknu stundaði hann nám við Tónlistarskólann í Reykjavík meðfram námi við Menntaskólann í Reykjavík þaðan sem hann lauk prófi árið 1972. Lá þá leið Hjálmars til Brandeis University í Bandaríkjunum. Lauk hann þaðan BA-prófi í tónlist árið 1974. Árin 1976 og 1977 stundaði hann nám í raf- og tölvutónlist við Instituut voor Sonologie í Hollandi og árið 1980 lauk hann meistaraprófi í Fine arts frá Cornell University í Bandaríkjunum.

Á árunum 1974 til 1976 starfaði Hjálmar sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Ísafjarðar og tónmenntakennari við Menntaskólann á Ísafirði auk þess sem hann var söngstjóri Sunnukórsins á Ísafirði. Hann var tónlistarkennari við Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1980 til 1988 auk þess sem hann var söngstjóri Háskólakórsins á árunum 1980 til 1983. Þá kenndi hann raftónlist við Tónmenntaskóla Reykjavíkur 1981 til 1982. Hjálmar var borgarlistamaður Reykjavíkurborgar á árunum 1988 til 1991. Árið 1999 tók hann við stöðu rektors Listaháskóla Íslands og er hann fyrsti rektor skólans. Meðal annarra starfa má nefna formennsku í Tónskáldafélagi Íslands og stjórnarsetu í STEFi. Þá var Hjálmar varaforseti Bandalags íslenskra listamanna á árunum 1989 til 1991 og forseti 1991 til 1999.

Hjálmar hefur samið mikinn fjölda tónverka. Þar á meðal verk fyrir einleikshljóðfæri, kammerhópa, sinfóníuhljómsveit og kóra. Auk þess einsöngslög, raftónlist, söngleiki, balletttónlist og tvær óperur. Einnig hefur hann samið tónlist við margar leiksýningar og sjónvarpsmyndir. Hann hefur einnig skrifað þó nokkuð um tónlist auk þess sem hann er einn handritshöfunda að kvikmyndinni Tár úr steini sem fjallar um ævi tónskáldsins Jóns Leifs.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1996.

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

*„Hjálmar er ástríðumaður í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur."*

Hilmar Oddsson, kvikmyndaleikstjóri, samstarfsmaður og vinur.

## HVAÐ SEGIR HANN?

*„Listaháskólinn verður engin skrautbygging. Hún verður sú bygging sem fólkið á hverjum tíma, nemendur og aðrir vilja að hún sé."*

Hjálmar Helgi Ragnarsson á blaðsíðu 18 í Fréttablaðinu 19. júlí 2008.


GÍTARINN HLJÓÐFÆRAVERSLUN




Þjóðlagagítar
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka Strengjasett, eMedia geisladiskur.
Kr. 14.900
Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár.
Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is

Barcelona
8. og 15. ágúst
Frá kr. 29.990



Örfá sæti laus!
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á vikuferðum til Barcelona, 8. og 15. ágúst. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Frábært mannlíf og óendanleg fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu úrvali fjölbreyttra verslana í borginni. Gríptu þetta frábæra tækifæri - takmörkuð gisting og sætafjöldi í boði!

Verð kr. 29.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð, 8. og 15. ágúst.

Verð kr. 69.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Gran Hotel Catalonia **** í 7 nætur með morgunverði, 8. ágúst eða 15. ágúst

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.138 **+0,53%**

**Fjöldi viðskipta:** 224
**Velta:** 3.782 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| GLITNIR | +2,5% | CENTURY ALUMIN. | -3,24% |
| EXISTA | +2,17% | TEYMI | -1,15% |
| ATLANTIC AIRW. | +1,57% | KAUPÞING | -0,84% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,79 -0,73% ... Atorka 5,50 +0,00% ... Bakkavör 25,70 +0,78% ... Eimskipafélagið 14,40 +0,00% ... Exista 6,59 +2,17% ... Glitnir 15,20 +2,5% ... Icelandair Group 17,15 -0,29% ... Kaupþing 707,00 -0,84% ... Landsbankinn 23,05 +1,32% ... Marel 83,20 -0,6% ... SPRON 3,05 +1,33% ... Straumur-Burðarás 9,22 +0,55% ... Teymi 1,72 -1,15% ... Össur 85,80 +0,59%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Glitnir hagnast um 7,6 milljarða króna

Glitnir hagnaðist um 7,6 milljarða á öðrum ársfjórðungi. Gengi bankans er í samræmi við spár greinenda sem spáðu að meðaltali 7,3 milljarða hagnaði á tímabilinu.

Lánasafn Glitnis dróst saman um tvö prósent á öðrum ársfjórðungi þegar leiðrétt er fyrir gengi og verðbólgu. Arðsemi eignfjár var sautján prósent á öðrum ársfjórðungi.


LÁRUS WELDING

„Grunnafkoma bankans er fín og við stefnum í rétta átt,“ segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

Hann bendir á að tekjur og hagnaður af kjarnastarfsemi jukust um tæplega tuttugu prósent annan fjórðunginn í röð. Lárus segir að helsta verkefni bankans sé að auka hlutfall innlána bankans.

Spurður um hagræðingu í rekstri segir Lárus að hann vænti að árangur af hagræðingu og sparnaðaraðgerðum komi betur í ljós á seinni helmingi þessa árs. „Það þurfa allir að hagræða eins og þeir geta í sínum rekstri. Það er besta fjárfestingin í þessu vaxtaumhverfi,“ Lárus. Starfsmönnum Glitnis fækkaði um 117 á öðrum ársfjórðungi. Hann segir að ekki sé ráðgert að fækka fólki frekar á Íslandi.

Spurður um afskriftir bankans segir Lárus að hann vænti þess að þær verði svipaðar á næsta fjórðungi en vonandi dragist þær saman. Afskriftir námu um 4,5 milljörðum á öðrum fjórðungi.

Verðbólga hefur áhrif á uppgjör bankanna. Lárus segir að verðbólguáhrifn í uppgjöri Glitnis nemi um 6,5 milljörðum króna. Verðbólguhagnaðurinn er kominn til vegna verðtryggingar útlána. Vaxtatekjur aukast því samfara verðbólgu. Verðbólguáhrifin auðvelda bönkum að halda vaxtamuninum uppi þrátt fyrir versnandi efnahagsaðstæður. Vaxtamunur Glitnis nam 1,9 prósentum. **- bþa**

**AFKOMA GLITNIS**

| **Tímabil** | **Hagnaður** |
|---|---|
| Apríl-júní 2008 | 7,6 milljarðar króna |
| Apríl-júní 2007 | 11,3 milljarðar króna |
| **Spár greiningaraðila** | **Hagnaður** |
| Landsbankinn | 6,0 milljarðar króna |
| Kaupþing | 8,6 milljarðar króna |
| **Tímabil** | **Hagnaður á hlut** |
| Apríl-júní 2008 | 0,89 krónur |
| Apríl-júní 2007 | 1,12 krónur |

## Tap Exista 4,2 milljarðar króna

**VIÐSKIPTI** Tap Exista á öðrum fjórðungi ársins nemur 38,4 milljónum evra (4,2 milljörðum króna) samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Á sama tíma í fyrra hagnaðist félagið um 221,4 milljónir evra.

Heildartekjur námu 89,6 milljónum evra, eða 9,8 milljörðum króna.


LÝÐUR GUÐMUNDSSON

Lýður Guðmundsson stjórnarformaður segir forsvarsmenn félagsins sátta við niðurstöðu fjórðungsins í ljósi ríkjandi markaðsaðstæðna. Áhersla hafi verið lögð á að standa vörð um undirstöður félagsins og þótt verðmyndun sé nú veik á markaði gangi reksturinn vel.

Á kynningarfundi í gærmorgun sagði Lýður félagið vel í stakk búið til að standa af sér hremmingar á fjármálamörkuðum „og koma út úr þeim sterkari“. Í lok júní átti félagið tryggt lausafé til að standast skuldbindingar sem falla á gjalddaga fram í desember 2009. **- óká**

## Storebrand fært í bókum Exista

Eignarhlutur Exista í Storebrand verði framvegis færður með í fjármálaþjónustu í reikningum félagsins í stað fjárfestingar. Hluturinn, 8,69 prósent, verður eftir sem áður færður sem langtímaeign á gangverði. Markaðsverð endurspeglar verðmætið enda illa, segir Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista.

Forsvarsmenn félagsins kynntu uppgjör félagsins á morgunverðarfundi í gær. Þar kom einnig fram að Exista framkvæmir virðisrýrnunarpróf á hverjum ársfjórðungi og segir Sigurður Valtýsson forstjóri ekki ástæðu til afskrifta á viðskiptavild. **- óká**

## Ætla að selja hluti í Skiptum

Exista hefur samið við MP Fjárfestingarbanka og Kaupþing um undirbúning á sölu á hlutum í Skiptum, móðurfélagi Símans. Þetta kom fram í máli Erlendar Hjaltasonar, forstjóra Exista á kynningarfundi í gærmorgun vegna árshlutauppgjörs.


ERLENDUR HJALTASON

Salan er sögð liður í að auka breidd í hluthafahópi félagsins, en Exista verður áfram kjölfestufjárfestir. Ekki á þó að hefja söluna fyrr betra jafnvægi verður komið á hlutabréfamarkaði.

Þá hafa eignir Exista í fjarskiptum og upplýsingatækni verið sameinaðar Skiptum með þeim hætti að Skipti kaupa 8,25 prósenta hlut í eignarhaldsfélagi sem á 39 prósent í T-Mobile Czech Republic (TMCZ) og 100 prósent í Ceske Radiokommunkace (CRa). **- ghh, óká**





GESTASTOFA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSSINS

Í Gestastofu gefst þér kostur á að skoða sýningu í máli og myndum um byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins og skipulag Austurhafnarsvæðisins.

Innsýn er gefin í söguna á bak við hönnunar- og byggingarferlið, einnig geta gestir kynnt sér fjölbreytta notkunarmöguleika hússins og væntanlega starfsemi sem í því verður.

Til sýnis eru líkön af húsinu, glerhjúpnum og heildarskipulaginu. Stórglæsilegur 10 metra útsýnisgluggi gefur gestum kost á að virða fyrir sér framkvæmdasvæðið og nánasta umhverfi þess.




Gestastofa á Lækjartorgi er öllum opin alla daga vikunnar – Velkomin aftur og aftur.

GESTA STOFA VISITOR CENTER

# Traustsyfirlýsing við ríkisstjórnina

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá landkönnunarleiðangri um eyjuna Tenerife, sólbekkjastríði og góðri heimkomu. Að lokum er lýst yfir þeirri skoðun að ríkisstjórnin sé alls ekki dáin heldur líti bara út fyrir að vera það.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**







**FÖSTUDAGUR, 25. JÚLÍ**

### Dýralífsdagur

Í dag tókum við á leigu heljarmikinn 9 manna Citroën og ókum sem leið liggur frá syðsta odda eyjunnar upp með allri austurströndinni, fyrir norðurendann og hálfa leið suður vesturströndina. Takmark ferðarinnar var að skoða landslagið og eyða deginum í frægum dýragarði sem heitir Loro Parque.

Mér óverðugum hlotnaðist sú upphefð að gerast ráðherrabílstjóri en ráðherrann tók að sér siglingafræði og staðarútreikninga.

Allt gekk þetta ljómandi vel og það er skemmst frá því að segja að þessi dýragarður er mun snyrtilegri en miðborg Reykjavíkur og framkoma dýranna var bæði kurteisleg og virðuleg.



Annaðhvort er meiri úrkoma norðvestan megin á eyjunni en á suðurhlutanum ellegar íbúarnir duglegri við að rækta garðinn sinn, því að eftir því sem norðar dró gerðust byggðirnar blómlegri og grösugri.

**LAUGARDAGUR, 26. JÚLÍ**

### Sólbekkjastríð

Við flúðum niður á strönd í morgun undan sólbekkjastríðinu því að nú hafa allir Íslendingarnir á hótelinu numið þann ósið sem sagt er að Þjóðverjar hafi fundið upp, sem sé að fara á fætur um miðjar nætur til að helga sér sólbekki við sundlaugarnar með því að breiða handklæði á bekkina. Þetta hefur þær afleiðingar að dags daglega er fremur fátt fólk við laugarnar en þeim mun fleiri handklæði í sólbaði meðan eigendurnir sinna einhverjum erindum öruggir í þeirri vissu að þeir eigi frátekna sólbekki.

**SUNNUDAGUR, 27. JÚLÍ**

### Sólbekkjastríðinu lýkur

Spánverjar eru menn að mínu skapi. Þeir hafa bundið enda á sólbekkjastríðið með því að banna næturárásir að hætti Þjóðverja. Sú regla sem nú gildir er að frá kl. níu á morgnana má hernema sólbekki. Þeir sem fóru á fætur í nótt til að helga sér sólbekki með handklæðum komu að handklæðunum sínum snyrtilega samanbrotnum í morgun og fengu að vita að reglum leiksins hefði verið breytt.



Dr. Árný, frú Sólveig og frænkurnar fóru á markað inni í bænum sem heitir Los Christianos svo að við Össur sáum um að gæta barnanna. Andri var soldið sólbrunninn eftir strandlífið í gær svo að hann var mestan part uppi í íbúð ásamt öðrum sólbrunnum strákum og horfði á dvd en litla Sól buslaði í lauginni.

Gaman að geta legið og lesið um hábjartan dag í stað þess að reyna að ræna nokkrum mínútum af svefntíma sínum til að renna þreyttum augum yfir eitthvert lesmál.

Sú bók sem mest hefur komið mér á óvart að undanförnu er skáldsaga úr reyfaraskúffunni og heitir „Bangkok Haunts“ eftir höfund sem heitir John Burdett. Þessi stórmerkilega saga er lystilega skrifuð og fjallar á yfirborðinu um morð og vændi. Undir niðri titrar allt annar þráður og fylgi maður honum er maður leiddur um framandi menningarheim Taílands og hinna fjarlægu Austurlanda og kynntur fyrir öðru gildismati en ríkir í hinum nýafkristnaða kapítalíska heimi Vesturlanda.

**ÞRIÐJUDAGUR, 29. JÚLÍ**

### Með liðamót á lærleggjum

Ferðalög eru skelfileg lífsreynsla. Biðraðir eru endalausar, innritunarröðin á Flugvelli Soffíu drottningar tók klukkutíma. Þá var eftir að láta gegnumlýsa sig og þukla, fjarlægja úr og belti og fingurgull, opna tölvuna sína, fara úr skónum. Þegar þessu lauk og ég var að spenna á mig beltið sem heldur uppi buxum mínum og virðuleika sagði einn gæsludónninn: Farðu fram á gang til að klæða þig. Ég hleypti í brúnir og leit í augun á honum og sagði: Ég er manneskja en ekki kind, og bjóst við að verða meisaður, teisaður og lagður í járn fyrir mótþróa við opinberan embættismann, en sem betur fer var mikið að gera og þeir nenntu ekki að gefa mér piparúða, raflost og leggja mig í járn.

Ef flugferðir halda áfram mun næsta kynslóð karlmanna fæðast með liðamót á lærleggjum til að geta brotið fótlimi sína saman til að rúmast í farþegasæti. Hálfs sjötta tíma seta í þessum þrengslum á fordýru fangafæði flokka ég ekki undir skemmtilegt ferðalag.

Börnin, Andri og litla Sól, voru þó furðuróleg. Sú litla er mjög félagslynd og vappaði út um alla flugvél til að spjalla við farþegana en Andri horfði á kvikmyndir og hlustaði á tónlist. Frænkurnar Birta og Inga voru þolinmæðin uppmáluð og sátu eins og fínar dömur.

Heimkoman var dásamleg. Þór eldri sonur okkar og faðir barnanna var kominn til að taka á móti okkur og þarna voru fagnaðarfundir. Hjá okkur ferðafélögunum var líka komið að leiðarlokum. Skemmtilegri ferðafélaga og hjálpsamari en Árnýju, Össur og frænkurnar er ekki hægt að hugsa sér, enda leituðu Andri og litla Sól skjóls hjá þeim þegar þeim þóttu lífsreglur og uppeldismanía afa og ömmu keyra um þverbak. Saman í hóp áttum við öll ótal glaðar stundir og iðnaðarráðherrann var orðinn svo sprækur að það leit út fyrir að hann hefði beina orkulínu frá Landsvirkjun.

Kettirnir Alíbaba og Aladdín heilsuðu okkur af nokkru yfirlæti við heimkomuna en þeir hafa lítinn skilning á svona ferðalagaflandri þar sem þeir eyða mestöllum tómstundum sínum liggjandi á ofnhillu í eldhúsinu með nirvanskan sælusvip á snjáldrinu og hafa aldrei þurft að fara í flugvél til að auka víðsýni sitt ellegar öðlast skilning á lífinu.

Við heimkomuna beið pósturinn eftir mér. Góðar fréttir og vondar fréttir. Góðu fréttirnar voru þær að sómakonan Laufey Böðvarsdóttir á Akureyri hefur áhyggjur af gigtinni í mér og sendi mér emú-olíu og emú-smyrsl sem ástralskir frumbyggjar nota eins og við notum lýsi, enda hef ég aldrei séð mynd af gigtveikum frumbyggja. Það er ekki leiðinlegt að koma heim og fá svona sendingu frá góðu fólki. Vondu fréttirnar voru þær að bílskrjóðurinn okkar hefur fengið sína viðgerð en viðgerðarmaðurinn virðist vera slæmur í samlagningu - ellegar þá hann hefur endursmíðað bílinn að verulegu leyti, því að upphæðin var afarhá í augum venjulegs launamanns.

Nú þarf ég að fara á bílaverkstæðið og rjóða emú-olíunni á heilabú viðgerðarmanna í von um að þeir sjái ljósið og endurskoði reikninginn.

**MIÐVIKUDAGUR, 30. JÚLÍ**

### Ég – ef mig skyldi kalla

Í dag dottaði ég yfir tölvunni minni og reyndi að koma skipulagi á þessa kafla sem ég á eftir að hreinrita enn eina ferðina í ágúst-mánuði til að geta orðið að bók fyrir jólin. Ég er að velta því fyrir mig að láta hana heita „ÉG – ef mig skyldi kalla“ og þetta eru nokkrar ævisögur um ýmis tímabil undarlegrar ævi sem neitar að mynda samfellda sögu heldur er samsett úr mörgum litlum sögum sem raða sér upp eins og mósaík í eitt heildarverk.

**FIMMTUDAGUR, 31. JÚLÍ**

### Traustsyfirlýsing við ríkisstjórnina

Ég hef tröllatrú á því að ríkisstjórnin, einkum þau Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún, og jafnvel Seðlabankinn geri eitthvað af viti – þegar sumarleyfum lýkur og allar aðrar leiðir hafa verið kannaðar til þrautar og allt er orðið um seinan.


## Viltu skjól á veröndina?






www.markisur.com og www.markisur.is

**Veðrið verður ekkert vandamál**

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar



**NEW MUSEUM Í NEW YORK** Þessi skondna bygging á Bowery-götunni í SoHo-hverfinu í New York er nýlistasafn hannað af japanska arkitektateyminu Kazuyo Sejima og Ryue Nizhizawa. Byggingin reis árið 2002 og er þakin áli sem er alsett litlum götum.





**MILLENIUM DOME Í LONDON** Þessi risavaxni skáli var byggður í tilefni hátíðarhaldanna um aldamótin 2000 í Lundúnum og var hannaður af arkitektinum Richard Rogers. Þessi umdeilda hvelfing er orðin ein þekktasta bygging borgarinnar og kallast nú O2-hvelfingin og er notuð undir alls konar stórviðburði.



**CONTEMPORARY ARTS CENTER Í CINCINNATI** Þetta nútímalistasafn var fyrsta verkefni arkitektsins Zöhu Hadid í Bandaríkjunum og var opnað árið 2002. Eitt af hlutverkum safnsins var að draga fleira fólk í miðbæinn sem þótti í örri hnignun.

**GLERPÝRAMÍDINN Í LOUVRE-SAFNINU** Eitt frægasta dæmi um nútímalega viðbót við gamla byggingu er pýramídinn sem arkitektinn I. M. Pei hannaði að beiðni þáverandi Frakklandsforseta, François Mitterand, í lok níunda áratugarins. Hann er rúmlega tuttugu metra hár og settur saman úr glerplötum og vakti gífurlegar deilur á sínum tíma, en hann átti fyrst og fremst að verða nýr inngangur að safninu. Pýramídinn öðlaðist frekari frægð þegar hann varð hluti af sögusviði metsölubókarinnar Da Vinci lykillinn eftir Dan Brown.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Fortíð og framtíð mætast

Vinningstillaga að byggingu Listaháskóla Íslands á Frakkastígsreit er umdeild. *Anna Margrét Björnsson* skoðaði erlend dæmi þess þegar samtímaarkitektúr mætir gamalli byggð.



**KULTURHUSET Í STOKKHÓLMI** Gamall bæjarhluti Stokkhólms var jafnaður við jörðu til að rýma fyrir Sergilstorgi og byggingunum þar í kringum 1960 sem svo leiddi til þess að Gamla Stan var friðaður í heilu lagi. Kulturhuset frá 1971 er meginbyggingin við torgið og var hannað af Peter Celsing. Almenningur var lítið hrifinn af þessu framtaki og fannst vera valtað yfir óbætanlegan menningararf.



**SVARTI DEMANTURINN Í KAUPMANNAHÖFN** Danska arkitektafélagið Schmidt, Hammer og Lassen hönnuðu svarta demantinn í lok síðasta áratugs, nútímalega byggingu við hafnarbakka Kaupmannahafnar. *Den Sorte Diamant* er viðbygging við konunglega danska bókasafnið sem þurfti nauðsynlega að stækka og er úr gleri, stáli og svörtu graníti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ WONDERFULCOPENHAGEN



**KUNSTHAUS Í GRAZ** Þessi bygging er oftast kölluð „vinalega geimveran“ af höfundum hennar, arkitektunum Peter Cook og Colin Fournier. Safnið stendur í jaðri gamla bæjarins í Graz í Austurríki.

**REICHSTAG-ÞINGHÚSIÐ Í BERLÍN** Hvelfingin sem breski arkitektinn Norman Foster hannaði við þinghúsið í Berlín var opnuð árið 1999 og er opin almenningi. Þrátt fyrir að hafa verið nokkuð umdeild er almennt talið að hún hafi heppnast sérlega vel.




GOTT FÓLK / Ljósmynd: Ari Magg.
Verslunarmenn,
til hamingju með daginn.
Það er sannkölluð þjóðhátíðarstemning um verslunarmannahelgina. Hátíðarhöld á þessum tíma árs má rekja aftur til 1874 þegar þjóðhátíð var haldin um land allt til að minnast þúsund ára byggðar á Íslandi. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum hefur verið haldin reglulega síðan.
Frídagur verslunarmanna var fyrst haldinn árið 1894 í september. Frá 1934 hefur hátíðisdagur verslunarmanna verið almennur frídagur fyrsta mánudag í ágúst. Upp frá því tekur verslunarmannahelgin smám saman á sig þá mynd sem við þekkjum.
Frekari fróðleikur á hatidisdagar.is




Egill Ólafsson (Ólafur Egill Egilsson) og Ragnhildur Gísladóttir (Bryndís Jakobsdóttir) leiða Stuðmenn (Sprengjuhöllin) og Gærurnar/Grýlurnar (börn Grýlna og Stuðmanna) á Þjóðhátíð í Eyjum 1982 – í tónlistaratriði sem gert var ógleymanlegt í kvikmyndinni Með allt á hreinu.

Á myndinni eru, talið frá vinstri, Stuðmennirnir og Grýlurnar: Þórður Árnason, Tómas M. Tómasson, Jakob Frímann Magnússon, Linda Björk Hreiðarsdóttir, Egill Ólafsson, Ragnhildur Gísladóttir, Ásgeir Óskarsson, Inga Rún Pálmadóttir, Valgeir Guðjónsson og Herdís Hallvarðsdóttir.



Fjórða kjörtímabil **Ólafs Ragnars Grímssonar** í embætti forseta Íslands er hafið. ***Björn Þór Sigbjörnsson*** hitti Ólaf á Bessastöðum í vikunni og ræddi við hann um stöðu embættisins, verkefni næstu ára og gagnrýni sem sett hefur verið fram á störf hans. Ólafur segir forsetann óháðan ríkisstjórninni, hann ráði sjálfur hvað hann segi og geri. Þá rökstyður hann ákvörðun sína um að sækja Ólympíuleikana í Peking og lýsir því hvernig nýleg heimsókn Mörthu Stewart getur orðið öflug og jákvæð landkynning fyrir Ísland.

# Forsetinn er þjónn þj

*Byrjum á að líta yfir farinn veg. Hvernig meturðu nýliðið kjörtímabil í samanburði við hin fyrri tvö?*

Það er erfitt fyrir mig að leggja mat á það. Þessi vegferð í tólf ár hefur verið með margvíslegum hætti og kjörtímabilin hvert með sínu móti. Í upphafi sinnti ég hefðbundnum tengslum við frændþjóðirnar á Norðurlöndum og ættmenni okkar í Vesturheimi og tók þátt í að undirbúa hin miklu hátíðarhöld árið 2000 vegna landafundanna. En það kjörtímabil bar líka svipmót veikinda og andláts Guðrúnar Katrínar og þeirra erfiðleika sem ég og við í fjölskyldunni glímdum við í þeim efnum.

Á öðru kjörtímabilinu, sérstaklega undir lok þess, var nokkur glíma milli mín og forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar vegna fjölmiðlamálsins og hvernig minnast skyldi heimastjórnarinnar. Kannski bar það kjörtímabil einkenni þeirra átaka.

Þriðja kjörtímabilið hefur svo að mínum dómi verið farsælt, árangursríkt og ánægjulegt. Ég hef átt gott samstarf við stjórnvöld og forystumenn allra flokka, almenning vítt og breitt í byggðum landsins sem og fólk á sviði vísinda, viðskipta, lista og menningar.

Það er ekki síst þess vegna að ég ákvað að gefa kost á mér til að þoka góðum verkum áfram.

*Hvað er svo á stefnuskránni fyrir kjörtímabilið sem nú er að hefjast?*

Ég hef á liðnum árum unnið að mörgum verkefnum og reynt að leggja lið á fjölþættum sviðum, bæði hér heima og á alþjóðlegum vettvangi. Ég hef gert það vegna þess að ég er sannfærður um að Íslendingar eigi fjölda tækifæra á þessari nýju öld og forsetaembættið getur verið eitt öflugasta tækið sem við eigum á alþjóðlegum vettvangi. Það er einfaldlega eðli alþjóðlegra samskipta að aðkoma þjóðhöfðingja getur skipt miklu máli.

Á kjörtímabilinu sem framundan er mun ég halda áfram að sinna þessum verkefnum og taka þátt í samstarfi sem leitað er eftir. Beiðnum um aðkomu forsetans fjölgar sífellt. Á alþjóðavettvangi er nánast í viku hverri leitað eftir því að forseti Íslands flytji fyrirlestur, haldi ræðu eða taki þátt í málþingum og umræðum.

Þetta sýnir að Ísland hefur töluvert fram að færa. Á þeim árum sem framundan eru mun ég á svipaðan hátt og ég hef gert að undanförnu leitast við að styrkja samstöðu og árangur heima fyrir, leggja lið fólki sem vill sækja inn á ný svið. Það þarf að nýta þau tækifæri sem blasa við íslenskri þjóð og ég tel það verkskyldu forsetans að leggjast á árar í þeim efnum.

**Vill opna umræðu um embættið**

*Í þinni embættistíð er meira rætt og ritað um forsetann en áður. Er það til góðs eða ills?*

Satt að segja hef ég reynt að feta inn á þær brautir að fram fari lýðræðisleg og opin umræða um embættið og gjörðir forsetans. Ég hef talið óeðlilegt að hér ríki einhver þögn hefðar og tilgerðarleg virðing gagnvart forsetanum. Ég hef þess vegna aldrei gert athugasemd við það þótt einstök blöð eða einstaklingar gagnrýni forsetann eða jafnvel hamist á honum. Það er einfaldlega lýðræðislegur réttur hvers og eins í opnu samfélagi þó að eðlilega þurfi menn að gæta hófs og kurteisi í þeim efnum eins og öðrum.

Ég tel að forsetinn sé þjónn þjóðarinnar. Hann starfar í lýðræðislegu, opnu og frjálsu samfélagi þar sem umræður eru kjarni hins daglega lífs og hefur engar sérstakar undanþágur. Sérhver sem kosinn er til ábyrgðar af almenningi verður að sætta sig við að almenningur hafi svo skoðanir á því hvað hann gerir.

*En þó að þér finnist eðlilegt og sjálfsagt að fram fari umræða og gagnrýni, hefurðu lesið eitthvað eða heyrt eitthvað um þig sem hefur sært þig?*

Nei, í raun og veru ekki. Það er nú kannski vegna þess að þegar ég kom hingað til Bessastaða var ég með nokkuð þykkan skráp frá þátttöku í þjóðmálaumræðu í þrjátíu ár, fyrst sem ungur maður sem stjórnaði umræðuþáttum í sjónvarpi og útvarpi sem ekki féllu öllum valdamönnum í geð á sínum tíma og voru reyndar bannaðir vegna þess að þeir þóttu of djarfir og of frjálsir hvað snerti efnistök og skoðanir.

Ekkert hefur snert mig illa. Það var þó í veikindum Guðrúnar Katrínar og eftir andlát hennar þegar dætur mínar veittu mér stuðning um tíma í embættinu að farið var að gagnrýna þær afar ómaklega að mínum dómi. Mér fannst að menn ættu að geta haft skilning á því á að tímum sorgar og erfiðleika þyrfti ég og fjölskyldan á styrk að halda og það var auðveldara að takast á við sumar embættisannir með dætur mínar mér við hlið.

En óvægin umræða um mig sjálfan og verk mín hefur á engan hátt snert mig persónulega. Ég tel reyndar að það sé mjög mikilvægt að forsetinn sé ekki mjög viðkvæmur fyrir slíkri umræðu þótt honum beri að sjálfsögðu að taka mark á umfjöllun og gagnrýni. En ef hann er of viðkvæmur fyrir slíkri umræðu kann að skapast hætta á því að hann veiti einstökum fjölmiðlum eða einstaklingum of mikið vald um svigrúm sitt til athafna. Um leið og eitthvert blað, fréttamaður eða annar einstaklingur færi að leggja línur um það hvað forsetinn mætti eða mætti ekki gera, gantast með hann eða annað í þeim dúr og forsetinn færi að hika í verkum sínum eða haga þeim í samræmi við það væri hann í reynd að afsala sér ákvörðunarvaldi og jafnvel fela einstaklingum eða fjölmiðlum neitunarvald.

Og mér hefur stundum fundist þegar ónefnt dagblað var að hjóla í forsetann að þá teldi blaðið að það hefði einhvers konar dómaravald yfir því hvað forsetinn ætti og mætti gera. Ef hann færi út af þeirri línu þá væri flautað á ritstjórninni.

**Forsetinn er ekki háður ríkisstjórn**

*Starfslýsing forsetaembættisins er til þess að gera fábrotin, aðeins nokkrar greinar í stjórnarskránni. Væri hyggilegt, að þínum dómi, að gera nákvæmari grein fyrir störfum og skyldum forsetans hvort sem það væri í stjórnarskránni eða annars staðar?*

Þessi umræða hefur stundum skotið upp kolli. En þegar við lítum til baka og skoðum þær umræður og ákvarðanir sem voru teknar í aðdraganda lýðveldisstofnunarinnar og þegar forsetaembættið var mótað, sess þess í stjórnskipuninni ákveðinn, þá sjáum við að forystusveit hins unga lýðveldis hafði skýrar hugmyndir um hvernig forsetaembættið ætti að vera. Það ætti að vera fulltrúi þjóðarinnar inn á við og út á við, það ætti ekki að taka þátt í daglegri togstreitu um ákvarðanir þings eða ríkisstjórnar, það ætti að rækta samband við þjóðina og vera reiðubúið að skjóta málum til þjóðarinnar ef nauðsyn krefði. Þessi rammi, ásamt því að greiða fyrir myndun ríkisstjórna, hefur reynst íslenska lýðveldinu vel í rúm sextíu ár. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að breyta stjórnarskrá eða stjórnskipun nema brýna nauðsyn beri til.

Á þessum tíma hefur lýðveldið farið í gegnum miklar breytingar og forsetaembættið tekið þátt í lausn erfiðleika. Hér hafa verið erfiðar stjórnarkreppur, kalda stríðið geisaði og ólga hefur ríkt meðal almennings um fjölmörg mál. Niðurstaðan er engu að síður sú að stjórnskipuleg staða forsetans hefur í raun og veru aldrei verið hindrun í vegi.

Það hefur stundum verið, bæði á fyrri áratugum og síðari, að einstökum ráðamönnum hefur fundist forsetinn vera fyrir sér en það er eðli stjórnskrárinnar að forsetinn er hvorki verkfæri ríkisstjórnar né háður henni. Sá skilningur heyrist stundum að forsetinn sé eins konar undirdeild ríkisstjórnar og eigi að lúta vilja og ráðum hennar í einu og öllu. Það er grundvallarmisskilngur á eðli forsetaembættisins. Forsetinn er kosinn á sjálfstæðan hátt af þjóðinni. Það er einmitt þetta sjálfstæði embættisins og sú staðreynd að forsetinn er eingöngu ábyrgur gagnvart þjóðinni sem er kjarninn í hinu stjórnskipulega eðli íslenska lýðræðisins.

Stjórnarskráin er svo líka sniðin á þann hátt að hver forseti hefur svigrúm til að móta embættið og verk þess í samræmi við þær áherslur sem hann telur mikilvægar og eru í samræmi við vilja þjóðarinnar. Að fenginni reynslu tel ég að hið lýðræðislega aðhald sem þjóðin veitir forsetanum og ávallt er til í vitund þess sem embættinu gegnir sé mikilvægasta markalínan sem er dregin um umsvif forsetaembættisins.

*Líturðu þá svo á að í erindum og ræðum sértu að greina frá þinni persónulegu afstöðu en ekki að túlka afstöðu ríkisstjórnar Íslands á hverjum tíma?*

Ég heyri stundum sagt að forsetinn eigi að túlka afstöðu ríkisstjórnar eða að ráðherrar eigi að ákveða hvað forsetinn eigi að segja. Ég tel að þessi skilningur sé á engan hátt réttur. Hér er stjórnskipun þar sem forsetinn ákveður sjálfur hvað hann segir og gerir. Hann hefur sjálfstæðan málflutningsrétt og það er ekki í verkahring hans að túlka afstöðu ríkisstjórnarinnar. Það er verkefni ráðherranna. Það er hins vegar svo, að í viðræðum forseta við ráðamenn annarra þjóða leggur hann áherslu á þau mál og þann málflutning sem kalla má að sé stefna lýðveldisins.

Hins vegar er mikilvægt að forsetinn hafi jafnan í huga hver er ráðandi vilji þings og þjóðar. Það getur verið erfitt fyrir forseta að fara á svig við eða beinlínis tala í andstöðu við ríkjandi vilja þings en ef aftur á móti hann telur brýnt að gera það þá tel ég að hann eigi að gera það en ekki leyna þjóðina þeirri afstöðu sinni.

Það eina sem nauðsynlegt er að forseti hafi samráð við ríkisstjórn og ráðherra um stjórnskipulega séð
















Dagrún er vafalaust eini mótorhjólabóndi landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góður fyrir útilegugræjurnar

***Dagrún Jónsdóttir hefur verið leiðtogi í Vélhjólafjelagi gamlingja í hátt í tíu ár. Hún býr á Oddsparti í Þykkvabæ og er titluð mótorhjólabóndi í símaskránni.***

Dagrún á fjögur mótorhjól, þar af þrjú Harley Davidson, en hjólið sem hún sést oftast á er Triumph P 160 sem er 750 kúbik og með hliðarvagni. „Þetta er aðalhjólið mitt,“ segir hún og sýnir það. „Mér finnst svo gott að ferðast á því og hef þvælst um allt land á því. Ég er búin að eiga það síðan 2001 en átti hliðarvagninn fyrir. Hann var á öðru hjóli og ég færði hann yfir.“

Auðvelt er að sjá Dagrúnu fyrir sér skutlast í „kaupfélagið“ á hjólinu og flytja varninginn heim í vagninum. Hún segir þá mynd hárrétta. „Vagninn er einmitt ástæða þess að ég nota þetta hjól mest. Hann er svo góður undir farangur, passar til dæmis rosa vel fyrir útilegugræjurnar og bjórinn,“ segir hún hlæjandi en kveðst líka geta tekið farþega í hann.

Dagrún flutti austur í Þykkvabæ fyrir tveimur árum. Þar hefur hún komið sér upp hjólaverkstæði ásamt vini sínum og svo er hún með mótorhjólatengda ferðaþjónustu eins og hún orðar það. „Ég er búin að útbúa tjaldstæði með klósettum og get tekið á móti litlum hópum vélhjólafólks,“ útskýrir hún. En er hún með braut sem hægt er að spæna á? „Bara fyrir krakka,“ svarar hún. „Svo er fjaran auðvitað endalaus braut.“

Hvernig skyldu svo nágrannarnir taka því að fá mótorhjólagengi yfir sig? „Heyrðu, þegar það fréttist að ég væri að flytja í Þykkvabæinn varð ég vör við mikinn skjálfta. Nú væru Hells Angels bara að taka yfir plássið. En svo hafa íbúarnir verið mér mjög vinsamlegir og ég veit ekki annað en þeir séu bara hrifnir af því sem ég er að gera.“

-Eitt í lokin. Ræktar þú kartöflur?

„Nei, ég labba bara í næstu hús og kaupi þær þvegnar og tilbúnar í pottinn!“

*gun@frettabladid.is*












**Volvo** var að kynna nýja tískulínu. Það er ekki á hverjum degi sem vörubílaframleiðandi kynnir allsherjar tískulínu en sú var raunin hjá Volvo. Volvo í Svíþjóð vann hugmyndina í samvinnu við fatahönnuði hjá IKEA. Sjá www.brimborg.is.










# Engin lausn í sjónmáli

***Erlendis eru ýmsar leiðir farnar til að leysa bílastæðavanda. Flestar lausnirnar felast í því að fæla ökumenn frá.***

Öll viljum við leggja bílnum beint fyrir utan áfangastað okkar. Það er hins vegar óraunhæfur möguleiki í miðborgum og þar er Reykjavík engin undantekning, þar sem lagt er í hvert stæði og oft þarf að ganga langar vegalengdir frá stæði til áfangastaðar. Ýmsar leiðir hafa verið farnar erlendis til að leysa bílastæðavandamál stórborga.

Algengast er að fæla ökumenn einfaldlega frá því að koma á bílum sínum og hvetja þá frekar til að nota almenningssamgöngur. Vissum götum er lokað á ákveðnum tíma dags, borga þarf tolla fyrir að koma með bíla inn á afmörkuð svæði og bílastæði eru dýr.

Þó að þessar aðgerðir hafi víða gefið góða raun, eins og til dæmis í London, verður að teljast ólíklegt að þær séu raunhæfar í framkvæmd hérlendis. Að loka götum gæti skapað fleiri vandamál en lausnir í Reykjavík og íbúar miðborgarinnar yrðu líklega afar óánægðir með að komast ekki að húsum sínum. Þar sem Íslendingar kvarta nú undan háu verði á bílastæðum er heldur ekki fýsilegt að hækka verð á stæðum og leggja á vegatolla. Þar að auki skapar það hættu á að einungis efnameiri einstaklingar hafi efni á að keyra og leggja í miðborginni.

Víða hefur sú leið verið farin að bjóða ökumönnum upp á tímabundin ókeypis bílastæði, til dæmis í Danmörku og Þýskalandi. Bílastæðaklukkur koma þá í stað stöðumæla. Þetta hefur verið reynt á Akureyri og umhverfismildari bílar í Reykjavík fá einnig að leggja í stæði í 90 mínútur í senn án þess að greitt sé fyrir. „Á Akureyri ríkir almenn ánægja með kerfið,“ segir Ásdís Helgadóttir, verkefnastjóri fjárreiðudeildar Akureyrarbæjar. Að sögn Kolbrúnar Jónatansdóttur, framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs, hafa hins vegar fáir nýtt sér þessa þjónustu í Reykjavík.



Ólíkar lausnir á bílastæðavandanum henta ólíkum hópum miðborgarinnar. Vandinn liggur í því að finna lausn sem allir geta sætt sig við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hluti bílastæðavandans liggur í mismunandi þörfum hópanna sem sækja miðborgina. Íbúar hennar vilja komast heim til sín en gestir vilja komast í vinnu, í búðir og á kaffihús. Þar sem gjaldskylda hefur verið tekin upp, til dæmis á Ránargötu, ríkir ánægja meðal íbúa sem þurfa nú loksins ekki að þræða nærliggjandi götur í leit að stæðum á kvöldin. Aðra sögu er að segja af gestum sem nú þurfa að greiða fyrir stæði eða leggja enn vestar.

Vandinn liggur líka í hugarfarinu. Fæstir eru tilbúnir að nota almenningssamgöngur, enda býður veðurfar og skipulagning samgangna hér ekki upp á góðar stundir yfir blauta vetrarmánuði. Við erum heldur ekki tilbúin að borga fyrir stæðin. Bílastæðahús eru dýr bæði í byggingu og rekstri og á svæði þar sem slegist er um hverja einustu lóð þykir lítt spennandi að byggja stór bílastæðahús.



Í London var brugðið á það ráð að mynda sérstakt tollasvæði í miðborginni til að draga úr aðsókn ökumanna. NORDIC PHOTO/GETTY

Lausnin er því ekki í sjónmáli nema ef vera skyldi að hún liggi inni í bílskúrum landsmanna, en margir erlendir ferðamenn hafa haft það á orði að þeir undrist að sjá ekki fleiri hjólreiðamenn í veðurblíðu síðustu vikna.

*tryggvi@frettabladid.is*






**Útivist** er ferðafélag sem býður félagsmönnum og öðrum upp á fjölbreyttar ferðir í skemmtilegum félagsskap. Sjá nánar www.utivist.is.



# Töldu mig hálfgeðveikan

***Mel MacMahon hætti í háttsettu starfi hjá Microsoft fyrir tveimur árum. Hann ferðast nú um heiminn og vinnur fyrir sér með köfunar- og skíðakennslu.***



Mel hefur kennt Íslendingum köfun síðastliðna tvo mánuði. Hann segir Silfru á Þingvöllum einn fallegasta stað sem hann hefur kafað í.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mel MacMahon er fæddur og uppalinn á Írlandi en flutti síðar með fjölskyldu sinni til Toronto í Kanada. Hann lauk mastersgráðu í eðlis- og tölvunarfræði og bauðst strax starf hjá höfuðstöðvum Microsoft í Seattle. Honum gekk vel í starfi; tók þátt í þróun forrita og síðustu árin var hann í hópi þeirra sem þróuðu nýjustu Xbox-tölvuna. „Eftir sex ára starf ákvað ég að breyta til. Ég hafði kennt köfun og á skíði af og til og ákvað að prófa að gera það að heilsdagsvinnu,“ segir Mel. Hann sagði upp starfinu hjá Microsoft fyrir tveimur árum, seldi allar sínar eigur að frátöldum útivistarbúnaði og fór að ferðast um heiminn. „Þetta var svolítið skrítið og þeir eru margir sem telja mig hálfgeðveikan fyrst ég sagði skilið við Microsoft.“

Mel heldur sér uppi með köfunar- eða skíðakennslu, allt eftir því hvar hann er staddur þá stundina. Hann hefur dvalið á Íslandi síðustu tvo mánuði og kennt Íslendingum að kafa. „Ég lifi nú miklu félagslegra lífi. Hjá Microsoft hafði ég samskipti við mjög sérstakar manngerðir og var lokaður af innan fjögurra veggja. Í köfuninni hittirðu fólk úr öllum stéttum og kynþáttum; þú getur haft múrara, húsvörð og taugaskurðlækni í sömu kennslustundinni og allir hafa þeir frábærar sögur að segja frá hinum ýmsu heimshlutum.“

Núverandi laun Mels eru langt frá þeim sem hann hafði hjá Microsoft. „Launin voru mjög góð hjá Microsoft og vinir mínir höfðu líka há laun svo það var ekki vandamál að eyða miklu. Martini á tíu dollara var normið. Núna þéna ég minna, en það á einnig við um fólkið sem ég umgengst svo nú er bjór á tvo dollara það sem hentar. Skemmtanagildið er það sama.“

Mel hefur ferðast víða síðastliðin tvö ár. Má meðal annars nefna Kanada, Suðaustur-Asíu, eyjar í Karíbahafinu, Kambódíu, Singapúr, Dóminíska lýðveldið og Japan en á síðastnefnda staðnum kenndi hann krökkum á skíði. Hann reynir að kynnast menningu hvers lands og læra tungumálið. „Krakkarnir í Japan kenndu mér dálítið í japönsku og mér tókst að kenna þeim á skíði á mjög bjöguðu máli. Sú kennsla undirbjó mig andlega fyrir íslenskuna, tungumálið ykkar er það erfiðasta sem ég hef kynnst,“ segir Mel hlæjandi en hann hefur sótt íslenskunámskeið hjá Alþjóðahúsinu síðustu vikur.

Þrátt fyrir einlægan ferðaáhuga ætlar hann ekki að eyða allri ævinni í ferðalög. „Ég býst fastlega við að ráða mig í tæknistarf einhvern tíma seinna.“

Mel fór af landi brott í gær en hann segist munu koma hingað aftur, enda séu tveir mánuðir á Íslandi alls ekki nóg. „Ég gæti hugsað mér að sækja um starf á Íslandi og búa hér í eitt til tvö ár áður en ég held ferðalögunum áfram. Ég finn að heilinn er byrjaður að ryðga pínulítið.“

*mariathora@frettabladid.is*

# Siglt á vit ævintýra

***Skútan Áróra leggur af stað til Grænlands á mánudag þar sem farið verður í kajaksiglingar og gönguferðir.***



Skútan Áróra er stærsta seglskúta landsins. MYND/BOREAADVENTURES

Lagt verður í sannkallaða ævintýraferð á skútunni Áróru á mánudag. Þeir félagar Sigurður Jónsson og Rúnar Karlsson, eigendur skútunnar og fyrirtækisins Borea Adventures, ætla að sigla með hóp ferðamanna til Grænlands þar sem farið verður í göngur og siglt á kajökum. „Við förum stystu leiðina yfir sundið og tekur ferðin til Grænlands ekki nema rúman sólarhring. Við siglum svo niður með Grænlandsströndum og endum í Kúlusúk,“ útskýrir Rúnar, en Grænlandsferðir þeirra taka tíu daga meðan aðrar ferðir vara yfirleitt sex daga.

Skútunni er alltaf siglt frá Ísafirði, en ferðirnar hefjast yfirleitt í marslok. „Við byrjum árið á jöklaferðum og erum í þeim út maí. Þá siglum við á spennandi skíðastaði, göngum á fjöll, skíðum niður og gistum um borð. Þessar ferðir hafa verið mjög vinsælar hjá okkur,“ segir Rúnar.

Yfir sumartímann er farið í skoðanaferðir um Hornstrandir þar sem dýralífið er skoðað og stefnan tekin á Grænland í ágúst. „Í júní förum við líka til Jan Mayen og klifum nyrsta eldfjall heims,“ segir Rúnar.

Skútan Áróra tekur tíu gesti en um borð eru ávallt skipstjóri, kokkur og leiðsögumaður. Að sögn Rúnars hafa erlendir ferðamenn verið mun duglegri að nýta sér ferðirnar en Íslendingar og má þar nefna Kanadamenn, Breta, Frakka og Bandaríkjamenn.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér ferðirnar betur er bent á heimasíðuna www.boreaadventures.com.

*-kka*

# Fræðsla án fyrirhafnar

***Ferðafélag Íslands býður upp á kynningarferð um Þjórsárver sunnudaginn 10. ágúst.***



Lagt verður af stað í Þjórsárver frá Reykjavík klukkan átta að morgni og frá Árnesi klukkan tíu. Tilgangur ferðarinnar er að kynna fólki Þjórsárver, en hugmyndin er sú að til þess þurfi ekki endilega margra daga ferð yfir jökulvötn. Til að koma sem flestum upplýsingum til skila um svæðið verður haldinn kynningarfundur fyrir þátttakendur deginum áður í Mörkinni 6, þar sem farið verður yfir undur Þjórsárvera í myndum og máli.

Það verður þó ekki komist hjá því að blotna aðeins, því vaða þarf yfir þrjár kvíslar og fyrir þá sem vilja ekki fara yfir á tánum er heppilegt að hafa vaðskó með.

Þeir sem vilja kynna sér þessa ferð betur er bent á heimasíðu Ferðafélags Íslands, www.fi.is. *- kka*


BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.
Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.
Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
( Afgr.gjöld á flugvöllum).
Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia
LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.
LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku
Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745





SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Súpersól til
Búlgaríu
18. - 31. ágúst
49.990

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú síðustu sætin 18. ágúst í 13 nætur á ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og skelltu þér til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf.





Aðeins örfá sæti í boði

Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 - 4 í hótelherbergi / stúdíó / íbúð í 13 nætur, 18. - 31. ágúst.

Terra Nova
PRIMERA GROUP
Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

## Félagsþjónusta: Afgreiðsla fjárhagsaðstoðar o.fl.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði leitar að ráðgjafa í fullt starf. Til greina kemur að ráða tvo í hlutastarf. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst, helst í september n.k. Starfið felst aðallega í afgreiðslu fjárhagsaðstoðar og almennri ráðgjöf varðandi framfærslu og húsnæðismál. Við leitum að karlmanni ekki síður en konu vegna kynjahlutfalls á vinnustaðnum.

Gerð er krafa um háskólapróf í félagsráðgjöf, félagsvísindum eða á öðrum sviðum sem nýst getur í starfinu.

Launakjör skv. samningi viðkomandi stéttarfélags og sveitarfélaga.

Umsóknir sendist til Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 Hafnarfirði fyrir 12. ágúst 2008.

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Jónsdóttir, deildarstjóri, eða Sæmundur Hafsteinsson, forstöðumaður, í síma 585 5700. Upplýsingar um Félagsþjónustuna er að finna á heimasíðu bæjarins, www.hafnarfjordur.is .

Félagsþjónustan í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

## Upplífgandi starf við að hressa upp á þjóðina

Kaffi og vatn eru drykkirnir sem hressa flesta fullorðinna á hverjum degi. Fyrirtækjaþjónusta Pennans - kaffideild - óskar eftir að ráða starfsfólk til að sjá vinnandi fólki fyrir góðri hressingu.

### Þjónusta við kaffi- og vatnsvélar

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund
- Snyrtimennska
- Stundvísi
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Bílpróf

### Sala og þjónusta

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund
- Snyrtimennska
- Reynsla af sölumennsku
- Stundvísi
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Bílpróf

Penninn er öflugt og framsækið verslunarfyrirtæki sem þjónar bæði fyrirtækjum og einstaklingum með það að leiðarljósi að viðskiptavinir geti ætíð gengið að þægilegri og fjölbreyttri þjónustu í samræmi við þarfir hvers og eins.

Upplýsingar gefur Magnús H. Ásgeirsson í gegnum netfangið magnush@penninn.is Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á www.penninn.is eða senda umsóknir á starf@penninn.is Umsóknarfrestur er til 11. ágúst 2008.



FLUGMÁLASTJÓRNIN KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Þar að auki var mér kunnugt um að þjóðhöfðingjar Norðurlandanna ætluðu að sækja leikana. Það þyrfti að mínum dómi ærnar ástæður til þess að Íslendingar segðu að öll hin Norðurlöndin hefðu rangt fyrir sér.

Til viðbótar við allt þetta tel ég mig hafa nokkra reynslu af því að ræða við kínverska ráðamenn um mannréttindi. Án þess að ég sé að mikla minn hlut þá er mér til efs að aðrir Íslendingar hafi jafn mikla reynslu og ég af því að tala við Kínverja um þau mál.

Ég átti til dæmis fund með Li Peng þegar hann kom til Íslands í boði Alþingis. Hann var gagnrýndur mikið fyrir þær aðgerðir sem hann beitti gagnvart stúdentunum á Torgi hins himneska friðar en engu að síður bauð Alþingi Íslendinga honum í heimsókn og hann kom hingað til Bessastaða. Á þeim fundi afhenti ég honum Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna ásamt útskýringum á kínversku sem Guðmundur Alfreðsson, doktor í lögum og minn góði vinur, hafði haft frumkvæði að. Þegar ég afhenti honum þessa bók að gjöf á síðari hluta hins skipulagða fundar brá svo við að hann flutti 45 mínútna samfellda málsvarnarræðu og öll dagskrá heimsóknarinnar fór úr skorðum.

> Hér er stjórnskipun þar sem forsetinn ákveður sjálfur hvað hann segir og gerir. Hann hefur sjálfstæðan málflutningsrétt og það er ekki í verkahring hans að túlka afstöðu ríkisstjórnarinnar. Það er verkefni ráðherranna.

Þegar Jiang Zemin kom hingað sem forseti Kína áttum við langan og mikinn fund hér á Bessastöðum. Hann vitnaði til þess að hann hefði verið á fundi með Bill Clinton og að þá hefði fólk verið með háreysti og hrópað að hann væri harðstjóri. Hann hefði spurt Clinton: „Er ég harðstjóri?“ Og Clinton, sem er nú kurteis, hafði hlegið og sagt: „Nei, nei þú ert ekki harðstjóri.“ Síðar á fundinum, í aðdraganda þess að ég tók mannréttindin ítarlega upp, sagði ég við hann: Þú nefndir Clinton hér áðan og sagðir mér sögu af honum. Nú skal ég segja þér aðra sögu af Clinton. Þegar við vorum stúdentar í Bretlandi þá mótmæltum við báðir Víetnamstríðinu fyrir utan bandaríska sendiráðið í London. Það voru mikil og fjölmenn mótmæli. Við skulum því ekki gleyma því að mótmælendur dagsins í dag geta orðið forsetar framtíðarinnar. Það ber að hafa í huga þegar stjórnvöld umgangast ungt fólk sem krefst réttar og nýrrar skipunar.

Á sama hátt ræddi ég ítarlega um mannréttindi við Hu Jintao í opinberri heimsókn til Kína. Þá hvatti hann íslensk verkalýðsfélög og almannasamtök til að eiga samræður við hliðstæða aðila í Kína. Í kjölfar þeirrar heimsóknar komu hér fulltrúar frá kínverskum háskólum sem lýstu því ítarlega að þeir hefðu áhuga á að þróa námskeið um mannréttindi innan kínverskra háskóla og fá íslenska sérfræðinga til að kenna þar. Þetta stafaði ekki síst af því að þeir höfðu kynnt sér sögu okkar Íslendinga og sögðust sjá að þegar skólinn var hér á Bessastöðum á fyrri hluta nítjándu aldar höfðu Íslendingar engin mannréttindi. Það var ekki prentfrelsi í landinu, það var ekki athafnafrelsi, það var ekki kosningaréttur, við vorum þjóð án allra mannréttinda. Við erum kannski ekki vön að horfa á okkar sögu með þessum hætti en Kínverjarnir sáu að við urðum að berjast fyrir því langri baráttu að ná því mannréttindastigi sem við njótum í dag.

Þegar ég legg allt þetta saman þá fannst mér það í senn vera eðlileg og rétt ákvörðun að þiggja boð um að sækja Ólympíuleikana.

**Deili ekki lífsstíl auðmanna**

*Víkjum aftur að gagnrýninni. Margir hafa haft á orði að þú sért of oft í útlöndum og að þú umgangist auðmenn um of. Hverju svararðu slíkri gagnrýni?*

Í fyrsta lagi eru annir forsetans hér heima æði miklar. Ég er í hjarta mínu landsbyggðarmaður, strákur vestan af fjörðum, þannig að taugin til sjávarþorpanna og sveitanna hefur alla tíð verið mjög sterk. Ég hef lagt áherslu á að taka þátt í viðburðum vítt og breitt um landið, sækja heim flestar byggðir og eiga viðræður við mikinn fjölda einstaklinga og fulltrúa samtaka, koma á fundi þeirra og þing langt umfram það sem gert hefur verið áður.

Á hinn bóginn er vaxandi eftirspurn eftir þátttöku forseta Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Æ fleiri vilja kynnast reynslu Íslendinga og læra af okkur á sviði orkunýtingar, mannréttinda, efnahagslegrar þróunar, landgræðslu og fjölmörgum öðrum sviðum þar sem við höfum náð góðum árangri. Mér berast ótalmörg boð um að taka þátt í málþingum og alþjóðlegum ráðstefnum eða koma í heimsóknir til landa, borga eða héraða. Það er á engan hátt unnt að verða við þeim öllum. Ég er sannfærður um það að það sé skárri kostur fyrir Íslendinga að það sé eftirspurn eftir þátttöku forsetans heldur en ef það væri enginn áhugi á því að eiga við orðastað við þjóðhöfðingja Íslands eða samskipti við Íslendinga. Þessar ferðir eru allar stífar vinnuferðir þar sem verið er að frá morgni til kvölds og reynt að ná sem mestum árangri. Að mínum dómi hafa þær skilað mikilvægum ávinningi fyrir háskóla- og fræðasamfélagið í landinu, listir og menningu, atvinnulíf og einstaklinga.

Við verðum að sinna þeim tækifærum sem bjóðast og smáar og miðlungsstórar þjóðir þurfa að hafa mjög fyrir því að tryggja hagsmuni sína og koma sínum sjónarmiðum að eða leita eftir samstarfi við aðra. Það gerist ekki nema þú sért á vettvangi.

**Ungmenni fái haldið rótum sínum**

Varðandi samskiptin við auðmenn sem ég heyri stundum af þá finnst mér það nú oft vera frekar ýkjutal en raunsönn lýsing á veruleika. Stundum er sagt að forsetinn sé sífellt á ferðinni í einkaþotum en sannleikurinn er sá að þau eru teljandi á fingrum annarar handar skiptin sem ég hef flogið með einkaþotum á undanförnum árum. Það hefur þá verið í brýnum erindum þar sem ekki hefur verið hægt að leysa málin með öðrum hætti.

Um þessi samskipti er annars það að segja að ég hef tekið þátt í að efla og styrkja framrás íslenskra fyrirtækja og íslensks atvinnulífs, sama á hvaða sviði þau starfa og óháð stærð fyrirtækjanna og umfangi. Ég hef litið svo á að þannig fjölgi tækifærum almennings í landinu til að bæta kjör sín og um leið geti unga kynslóðin haldið sínum íslensku rótum þó hún athafni sig á heimsvísu.

Og það vill nú einfaldlega svo til að að minnsta kosti sumir þeirra sem stjórna þessum íslensku fyrirtækjum sem starfa á alþjóðavettvangi eru það sem kallað er auðmenn þannig að það er erfitt að styrkja framþróun atvinnulífsins án þess að eiga samskipti við það fólk.

Ef sá sem gegnir embættinu vill taka þátt í því að treysta stoðir íslensks atvinnulífs, efla lífskjör almennings og skapa ungu fólki tækifæri til að eiga kost á fjölþættum störfum þá er einfaldlega óhjákvæmilegt að hann eigi samstarf við forystumenn íslensks atvinnulífs, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, ungir eða eldri.

Að ég eða við hjónin séum að deila lífsstíl sem í hugum fólks er tengdur auðmönnum tel ég hins vegar víðs fjarri. Satt að segja er það nú þannig að allur þorri ársins er bara helgaður vinnu frá morgni til kvölds hér á Bessastöðum og frídagar fáir.

*Þú og þið hjónin vörðuð tíma með bandarísku athafnakonunni Mörtu Stewart á dögunum. Hún var dæmd til fangelsisvistar í heimalandi sínu fyrir að hindra framgang réttvísinnar, eins og það heitir. Efasemdir eru uppi um að rétt sé að forsetinn hitti fólk sem hlotið hefur refsidóma en telur þú það sjálfsagt?*

Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar að íslenskt og vestrænt réttarfar byggist á þeirri grundvallarreglu að þegar fólk hefur tekið út sína refsingu þá sé það aftur komið á upphafsreit og eigi að njóta allra almennra réttinda. Því hef ég fylgt í samskiptum mínum við innlenda og erlenda einstaklinga og tel að það væri mjög hæpið ef forsetinn færi að neita því að eiga samskipti við fólk vegna þess að það hefði einhvern tíma tekið út refsidóm. Þvert á móti er kjarninn í okkar réttlætishugsjón að með því að taka út sína refsingu hafi menn unnið sér á ný inn eðlilegan sess í samfélaginu. Það á jafnt við um Mörthu Stewart sem þekkta Íslendinga. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn en það er öllum ljóst að ef það ætti að fara að draga einhverja slíka markalínu þá yrði það sérkennilegt í framkvæmd.

**Martha Stewart öflugur liðsmaður við að kynna land og þjóð**

Varðandi Mörthu Stewart þá er það einfaldlega þannig að hún er með áhrifaríkustu fjölmiðlamanneskjum, ekki bara í Bandaríkjunum heldur veröldinni, og hún og Dorrit hafa í nær aldarfjórðung verið nánar vinkonur. Sjónvarpsþættir hennar, heimasíða, tímarit og bækur njóta meiri útbreiðslu en flest annað af sama tagi. Það að hún hafði tækifæri til að kynnast íslenskum mat, hönnun, vatni, orkunýtingu og hestum, sem og samfélaginu öllu getur orðið öflugri og jákvæðari landkynning heldur en margt annað. Þess vegna tel ég að það hafi verið í senn eðlilegt og rétt að stuðla að því að íslenskur efniviður gæti ratað með árangursríkum hætti í hennar sjónvarpsþætti og aðra miðla á komandi árum.

*Að lokum Ólafur Ragnar, verður nýhafið kjörtímabil þitt síðasta í embætti?*

Ég tók þá ákvörðun við upphaf fyrsta kjörtímabilsins að það væri hvorki rétt að ég svaraði slíkum spurningum né væri ég sjálfur að leiða mikið hugann að því. Reynslan kenndi mér að enginn veit sín örlög fyrr en æfin er öll. Hvenær sem er geta borist fréttir sem breyta öllum ákvörðunum. Þess vegna tel ég hvorki eðlilegt né rétt að gefa út yfirlýsingu nú um það hvað ég ætla að gera eftir fjögur ár.

Það má ekki misskilja þessi orð mín. Í þeim er ekki fólgin nein ákvörðun um hvort ég ætla að gefa kost á mér áfram eða ekki. Þetta er bara afstaða sem ég hef talið skynsamlegast að hafa óháð því númer hvað kjörtímabilið er.

Svo er það nú einfaldlega þannig að enginn einstaklingur ræður því sjálfur hvort hann er forseti Íslands eða hve lengi. Það er þjóðin sem ákveður það á einn eða annan hátt. Það getur enginn setið í þessu embætti til langframa án þess að hafa góðan stuðning frá þjóðinni. ■

**LEIKARINN PETER O'TOOLE ER 76 ÁRA Í DAG**

*„Eina líkamsræktin sem ég stunda er að ganga á eftir líkkistum félaga minna sem stunduðu líkamstækt."*

**PETER O'TOOLE KOM FYRST FRAM Á SVIÐI 17 ÁRA GAMALL. HANN ER HVAÐ ÞEKKTASTUR FYRIR HLUTVERK SITT SEM ARABÍU-LAWRENCE.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. ÁGÚST ÁRIÐ 1939

## Hvatt til kjarnorkukapphlaups



Þennan dag, árið 1939, sendu vísindamennirnir Albert Einstein og Leó Szilárd bréf til þáverandi Bandaríkjaforseta, Franklin D. Roosevelt, og hvöttu hann til að byrja opinbera þróun kjarnorkusprengjunnar. Bréfið markar upphaf „The Manhattan Project" en það kallaðist ferlið er leiddi til smíði fyrstu kjarnorkusprengjunnar.

Bandaríkin, Bretland og Kanada stóðu að verkefninu og var það leitt af bandaríska vísindamanninum J. Robert Oppenheimer. Verkefnið fór fram á yfir 30 stöðum víðs vegar um Norður-Ameríku og í Bretlandi en 130.000 manns komu að verkinu á einn eða annan hátt. Ferlið kostaði tvo milljarða dollara og sé sú upphæð framreiknuð jafngildir það 24 milljörðum dollara í dag.

Ein af meginástæðum þess að Einstein og Szilárd hvöttu Roosevelt til að gera kjarnorkusprengju að veruleika var óttinn við að nasistar væru að þróa slíka sprengju. Þar sem þeir höfðu nokkurt forskot á bandamenn, en Þjóðverjarnir höfðu unnið að smíðinni frá 1930, mátti engan tíma missa.

Það verður að teljast kaldhæðið að Einstein, einn af feðrum kjarnorkusprengjunnar, hafði áður hvatt alla vísindamenn til að neita allri vinnu er sneri að vopnaþróun og vopnasmíði. Það var átta árum fyrr upp á dag, 2. ágúst 1931.

### MERKISATBURÐIR

**1874** Þjóðsöngur Íslendinga, Ó, Guð vors lands, eftir Matthías Jochumsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, var sunginn í fyrsta skipti á þjóðhátíð í Reykjavík.

**1885** Minnisvarði um Hallgrím Pétursson er afhjúpaður norðan við Dómkirkjuna í Reykjavík. Minnisvarðinn er eftir Júlíus Schou steinsmið.

**1924** Flogið var í fyrsta skipti yfir Atlantshaf til Íslands. Flogið var frá Orkneyjum til Hornafjarðar.

**1969** Vitinn á Gjögurtá við Eyjafjörð springur í loft upp þegar nýbúið er að endurnýja gasbirgðirnar.

**1990** Íraski herinn ræðst inn í Kúvæt. Í kjölfarið fylgir Persaflóastríðið.

### AFMÆLISBÖRN



**ISABEL ALLENDE** rithöfundur er 66 ára í dag.



**HILDUR PETERSEN** framkvæmdastjóri er 53 ára í dag.

**NORRÆNA FÉLAGIÐ Á AKUREYRI:** HELDUR SITT FYRSTA HANDVERKSNÁMSKEIÐ

# Fyrir tíu til níutíu og níu ára

Ester Stefánsdóttir er nýkjörin formaður Norræna félagsins á Akureyri. Segja má að hún byrji starfið með stæl því félagið stendur fyrir norrænum handverksdögum 4. til 7. ágúst í gamla heimavistarskólanum á Hrafnagili.

Þar verða ýmis útsaumsspor kennd, unnið með ull, silki og gúmmí og heklað á rússneska vísu svo nokkuð sé nefnt. „Við höfum fengið til liðs við okkur fjóra kennara, alla tengda Skals Håndarbejdsskole í Danmörku og toppfólk á sínu sviði," byrjar Ester þegar hún er beðin um nánari lýsingu á því sem framundan er. „Í boði verða 10 námskeið og ég vil sérstaklega benda á kynslóðanámskeiðið. Þar gefst mömmum, ömmum og frænkum tækifæri á að koma með börn sín á aldrinum 10-16 ára og vinna saman. Þátttakendur gera kokkasvuntur á fullorðna og börn með útsaum. Líka snyrtiveski, pennaveski eða þess háttar skjóður handsaumaðar og skreyttar með útsaum. Norrænu handverksdagarnir eru sem sagt fyrir fólk á aldrinum tíu til níutíu og níu ára og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi."

Sjálf kveðst Ester eiga tíu ára stelpu sem sé áhugasöm um hannyrðir. „Dóttirin horfir oft yfir öxlina á mér þegar ég er að vinna í höndunum, fylgist með því sem ég er að gera og langar að prófa," segir hún og kveðst vona að svo sé um fleiri af hennar kynslóð.

Kennararnir á námskeiðunum eru Björk Ottósdóttir Dietrichson, Jytte Marie Kodal, Inge-Marie Regnar og Helga Jóna Þórunnardóttir. Allt konur sem fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í handverkinu sem þær starfa við árið um kring. Spennandi hlutir eins og töskur og belti munu verða til á námskeiðunum, einnig handsaumaðir skinnvettlingar með ullarfóðri og nýjar aðferðir kenndar við prjón og hekl.

Ekki má heldur gleyma útsaumnum. „Ég held að margar setji útsaum í samband við ömmur og klukkustrengi en útsaumur er fjölbreyttur og býður upp á mikla möguleika. Með honum er til dæmis hægt að breyta fjöldaframleiddri flík í eitthvað alveg einstakt," bendir Ester á og bætir við að allir geti lært að sauma út. En er ætlast til að þátttakendur á námskeiðunum séu alla fjóra dagana eða er um dagsnámskeið að ræða? „Margir kjósa að vera alla dagana. Flest námskeiðin eru þó bara dagsnámskeið en nokkur eru tveggja daga."

Ester kveðst því miður ekki geta boðið upp á gistingu fyrir langt að komna nemendur. „Við vorum að reyna að verða okkur úti um húsnæði þar sem við gætum skapað skólastemningu eins og gerist á Skals, þar sem búið er á heimavist og setið saman á kvöldin við hannyrðir. Það tókst ekki að þessu sinni. En þetta er frumraun okkar í námskeiðshaldi og við notum hana til að læra."

gun@frettabladid.is



**ESTER STEFÁNSDÓTTIR** Margs konar handverk verður kennt á námskeiðinu sem er opið fólki á öllum aldri og af báðum kynjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Ingibjargar Sveinsdóttur**
frá Deplum.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar fyrir góða umönnun.

Haukur Ástvaldsson — Sigurlína K. Kristinsdóttir
Sveinn Ástvaldsson — Sigríður K. Skarphéðinsdóttir
Annetta M. Norbertsdóttir
Reynir Ástvaldsson
Lilja Ástvaldsdóttir — Pétur S. Bjarnason
Sigurjóna Ástvaldsdóttir — Bjarni K. Stefánsson
Kristján Ástvaldsson — Sylvía D. Eðvaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lára Kristjana Hannesdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

sem lést 23. júlí síðastliðinn, verður jarðsungin í Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 5. ágúst kl. 13.

Aðalheiður Halldórsdóttir — Valdimar Jónsson
Hannes Einar Halldórsson — Kristín Valgerður Ólafsdóttir
Gunnar Sigurður Halldórsson — Guðrún Ingvarsdóttir
Garðar Friðfinnsson — Hulda Sigurðardóttir
Rut Friðfinnsdóttir — Tómas Sigurðsson
Björk Friðfinnsdóttir — Jón Óskar Hauksson
Viðar Már Friðfinnsson

---

†



*Þökkum innilega samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Odds Guðjóns Örnólfssonar**
Hlíf II, Ísafirði.

Guð blessi ykkur öll.

Kristín Guðrún Jónsdóttir
Þórhildur Oddsdóttir — Jónatan Hermannsson
Margrét Oddsdóttir — Ólafur G. Jónsson
Örnólfur Oddsson — Védís Ármannsdóttir
Jón Halldór Oddsson — Martha Ernstdóttir
Gunnar Oddsson — Sólveig Guðnadóttir
Bára Elíasdóttir — Óskar Ármannsson
barnabörn og barnabarnabarn.

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Olgeir Sigurðsson**
Köngsbakka 12, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 29. júlí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 6. ágúst kl. 15.00.

Ragnhildur Gísladóttir
Fritz H. Berndsen — Ásta Kristjánsdóttir
Halldór Olgeirsson — Svava Magnúsdóttir
Guðrún Olgeirsdóttir — Jens Arnljótsson
Þórunn Olgeirsdóttir — Haraldur Pálsson
Smári Olgeirsson — Sigríður Benediktsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†



*Okkar ástkæra,*

**Þórdís Þórarinsdóttir**
Ásbraut 11, Kópavogi,

andaðist fimmtudaginn 17. júní á Landspítala Íslands, Fossvogi.
JarðaRförin hefur farið fram.

Þorbergur Þórarinsson — Elisabeth G. Jósefsdóttir
Þórarinn H. Þorbergsson og fjölskylda
Gabriela E. Þorbergsdóttir og fjölskylda

---

†



*Eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Karl Ómar Clausen**
Nesvegi 45,

lést aðfaranótt 20. júlí á líknardeild Landspítalans. Útförin fór fram í kyrrþey.

Bára Jóhannesdóttir
Brynjarr Pétur Clausen
Guðfinna Magnea Clausen
Kristján Clausen
Jens Pétur Clausen — Marsibil Jóna Tómasdóttir
Tengdaforeldar, systkini og aðrir aðstandendur.

---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ragnhildur Kristín Sandholt**
Hverafold 132,112 Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 27. júlí, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 13.00.

Jón Eiríksson
Eiríkur Jónsson — Ásthildur Björnsdóttir
Íris Jónsdóttir — Einar Sigurðsson
Atli Már Jónsson — Lilja Dagbjartsdóttir
og barnabörn.



NORRÆNA
Njóttu ferðamátans og lengdu sumarið!
DANMÖRK
SÉRTILBOÐ 21. ágúst
29.525,-
Pr. mann: Miðað við fjóra og bíl, ferðast aðra leið til Danmörk. Gist í 4manna klefa (inn) og ferðast á hausttímabili. Gildir í ferðiina 21.8.2008
Takmarkað pláss!
Færeyjar
Danmörk
Noregur
Skotland
SMYRIL-LINE
NORRÖNA
SMYRIL LINE
EXPLORERS OF THE NORTH ATLANTIC
HAUSTTILBOÐ
Betri Stofan
LÆKKAÐ VERÐ Í SEPTEMBER
DANMÖRK
Verð frá kr.
18.700,-
Pr. mann: Miðað við fjóra og bíl, ferðast aðra leið til Danmerkur. Gist í 4manna klefa (inn) og ferðast í september og október. Takmarkað pláss!
Sértilboð fyrir húsbíla og hjólhýsaeigendur
Smyril Line býður nú fólksbílaverð í september fyrir bíla allt að 8 m á lengd og ekkert aukagjald fyrir hæð.
Gildir á alla áfangastaði.
Pantið tímanlega
Bókaðu snemmma og tryggðu þér pláss
Haustbókanir með Norrænu hafa farið mjög vel af stað og sama ástand er að skapast og á síðasta ári. Sumar brottfarir eru að seljast upp og við hvetjum þá sem ætla að ferðast með Norrænu að bóka sig snemma til að tryggja sér pláss.
AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is
www.smyril-line.is
SMYRIL LINE ÍSLAND
Norræna
FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is

SÍÐASTA SÝNINGARVIKA!

CARNEGIE
ART
AWARD
2008

EIN STÆRSTU
MYNDLISTARVERÐLAUN
HEIMS KYNNA 26 NORRÆNA
MYNDLISTARMENN

Í LISTASAFNI
KÓPAVOGS – GERÐARSAFNI
HAMRABORG 4 | KÓPAVOGI
19. JÚNÍ – 10. ÁGÚST
OPIÐ ALLA DAGA NEMA
MÁNUDAGA KL 11 – 17
LEIÐSÖGN MIÐVIKUD.
KL. 12 OG SUNNUD. KL. 15

WWW.GERDARSAFN.IS | WWW.CARNEGIEARTAWARD.COM






## STUÐ MILLI STRÍÐA Dómsdagur nálgast

**TRYGGVI GUNNARSSON** ER ÞRÁTT FYRIR ALLT NOKKUÐ BJARTSÝNN Á FRAMHALDIÐ



Við stöndum á brúninni og horfum niður í hyldýpi auðnuleysis og ömurleika. Tárin leka niður þrútnar kinnar og þegar sultardropinn er soginn upp í nefið glittir í blóðhlaupna góma. Þeim blæðir mest sem allt áttu.

Sex mánaða uppgjör eins af máttarstólpum samfélags okkar, Kaupþings, var birt á dögunum. Niðurstaðan er sú sama og í opinberunarbók biblíunnar. Lúðrar hljóma, plágurnar berja á okkur eins og öldur á eyðiströnd og reiðmenn dauðans þeysa á eftir hverri þeirri lúxusbifreið sem ekki er búið að borga af þennan mánuðinn.

Það er hart í ári. Kaupþing græddi bara 34 milljarða á síðustu sex mánuðum! Og Glitnir skilaði einungis 15,4 milljarða hagnaði …

Blóðrauð sólarupprásin veit ekki á gott. Vissulega er fiskurinn enn í sjónum, veðrið hefur aldrei verið betra og Ísland er nýkomið í efsta sæti listans yfir bestu lönd í heimi að búa á, en við vitum betur. Við erum í kreppu, allur heimurinn er í kreppu og þá ber að fasta.

Eða við getum slappað aðeins af. Sleppt því að missa svefn yfir févana stjórnarmönnum og dómsdagspredikunum þeirra um vaxtavaxtavextina og kaupmáttaraukningu sem sé ekki sem skyldi.

Sólin skín og ætti að skína yfir alla helgina. Í versta falli hangir hann þurr, og það í mínu ungdæmi (sem var fyrir um tveimur árum síðan) þótti full ástæða fyrir gleði og gaum. Við fáum flest frí á mánudaginn og flest okkar eru á leið út úr húsi á vit innlendra ævintýra í landi sem er, þegar öllu er á botninn hvolft, á ágætis róli. Við erum ekki á leið aftur í einokunarverslun eða vistarband, við römbum ekki á barmi þess að missa sjálfstæði okkar, við erum ekki í stríði og hér er engin hungursneyð. Ég veit ekki með ykkur en mér finnst þetta líta ágætlega út.

Því finn ég mig knúinn til rifja upp þann góða og stóra sannleik sem í einfaldleika sínum og kaldhæðnum hroka hefur aldrei átt betur við en á þessum síðustu og verstu:

Ísland, bezt í heimi!




## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Við leitum að verslunarstjóra

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Europris í síma 533 3366 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið *leifur@europris.is*.

Europris



**DRAGKEPPNI** Ylfa Lind var draggkóngur í fyrra.

# Draggpartí

**Í kvöld er upphitunarpartí Draggkeppninnar á Q bar fyrir þá forvitnustu. Haffi Haff, kynnir keppninnar, syngur fyrir gesti auk þess að keppendur mæta á svæðið og sýna sig. Þá verður forsala miða í fullum gangi, en miðinn kostar 1800 krónur í forsölu. Almenn miðasala hefst klukkan tvö í Óperunni, samdægurs keppninni, eða 6. ágúst næstkomandi. Miðinn kostar þar 2400 krónur en ekki 2000 eins og áður hefur komið fram. Það er því um að gera að kaupa miða í forsölu, en aðeins 200 stykki bjóðast á þessum kjörum. Auk þess er tilvalið að kíkja á stemmninguna og fá forsmekkinn af því sem koma skal. - kbs**

# Ferðalagið fest á filmu

Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og aukablaðsins Ferðalaga sem fylgir mánaðarlega með Frétablaðinu hefst í dag. Þar gefst fólki kostur á að senda bestu sumarmyndina sína inn á vísi.is. „Sendu okkur þína uppáhaldsmynd úr sumarfríinu og þú gætir unnið til veglegra verðlauna í formi ferðavinninga og glæsilegra stafrænna myndavéla,“ segir Anna Margrét Björnsson, ritstjóri Ferðalaga, en keppnin er haldin í samstarfi við Sony Center og Sumarferðir. Hægt verður að senda inn myndir inn á Vísi. is frá og með deginum í dag og fram til þriðjudagsins 26. ágúst en þá mun dómnefnd skera úr um þrjá verðlaunahafa.

„Við erum að leita eftir skemmtilegum og líflegum myndum sem fanga sumarstemninguna þegar landsmenn eru á ferð og flugi innanlands sem utan. Myndin má vera af hverju sem er, mannlífi eða landslagi en fyrst og fremst erum við að leita að þessu sérstaka augnabliki eða stemningu sem fangar sumarið og ævintýri þess. Ég hvet alla til að taka þátt, unga sem aldna, því ég er viss um að margir frábærir ljósmyndarar leynast þarna úti.“ Keppendur geta sent myndir til þátttöku inn á www.visir.is/ljosmyndasamkeppni og úrslitin verða birt þann 31. ágúst í Ferðalögum Fréttablaðsins.



**GÆTI BESTA MYND SUMARSINS VERIÐ MYNDIN ÞÍN?** Hér fangar ljósmyndari Fréttablaðsins sumarstemningu í París en myndir í Ljósmyndakeppni Fréttablaðsins mega vera teknar innanlands og utan. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk gæsahúð í Ástralíu

Sigur Rós spilaði á tónleikum í Melbourne í Ástralíu í gær. Fimm Íslendingar, sem allir eru við nám í háskólanum í Melbourne, lögðu leið sína á tónleikana. „Þetta voru magnaðir tónleikar og stemningin var góð,“ segir Hjálmar Ásbjörnsson, einn fimmmenninganna. „Tónleikarnir náðu hámarki þegar þeir tóku „Goobledigook“. Þá stóðu allir í salnum upp og klöppuðu með og loftið fylltist af ljósum og skrauti. Hljómsveitin var klöppuð upp þrisvar og tók tvö aukalög, en svo hneigðu þeir sig bara í þriðja skiptið.“



**ÍSLENDINGAR Á SIGUR RÓS Í MELBOURNE** Frá vinstri: Norðmaðurinn Tarjei, Auður, Unnar, Jón Ólafur, Katrín, Hjálmar og Kim, hin enska. MYND/HJÁLMAR ÁSBJÖRNSSON



**FÓRU Á KOSTUM** Sigur Rós setti allt á fullt í „Goobledigook“.

Hjálmar segist hafa fundið fyrir þjóðarstolti svona langt frá heimahögunum. „Maður fékk smá gæsahúð. Einn okkar var með íslenska fánann og svo horfði maður til skiptis á fánann og hljómsveitina og stoltið blossaði upp. Svo kallaði maður „Áfram Ísland!“ og svona, en ég held nú að hljómsveitin hafi ekkert heyrt það.“

Þjóðernið gerði ekkert fyrir Íslendingana þegar þeir reyndu að komast baksviðs að hitta stjörnurnar eftir tónleikana. „Nei, það gekk ekkert að segjast vera íslensk. Karlarnir í dyrunum sögðu bara að við gætum beðið í einhverja 2-3 tíma og reynt að grípa bandið þegar það færi í rútuna en við nenntum nú ekki að standa í því.“ - glh


TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ



KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.3.50 BORGARBÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ

SparBíó 550kr
laugardagur, sunnudagur og mánudagur
SAMbio.is SAMBÍÓIN



**DARK KNIGHT**
kl. 2 í Álfabakka
kl. 2 í Kringlunni
kl. 2 á Selfossi og á Akureyri

**WALL-E**
kl. 1.30 í Álfabakka með ísl. og ensku tali
kl. 1.30 í Kringlunni með íslensku tali
kl. 1.50 á Selfossi kl. 2 Akureyri og kl. 1:30 í Keflavík

**KUNG FU PANDA** ísl. tali
kl. 1:30 í Álfabakka
kl. 2 í Kringlunni
kl. 2 á Akureyri og í Keflavík

**MAMMA MIA**
kl. 2 í Álfabakka

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó



500 kr. á fyrstu sýningar dagsins
Gildir fyrir Laugardag, Sunnudag og Mánudag

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
SÝNINGARTÍMAR GILDA LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG



500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR FYRIR ALLA HELGINA

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| WALL–E – ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 4 og 6.10 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 7 og 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 1.50, 4, 8 og 10.10 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN



STÆRSTA OPNUN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR
38.000 manns á 9 dögum.
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FINDING NEMO OG RATATOUILLE
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA.

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali DIGITAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali DIGITAL | kl. 1:30 -3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 2 - 5:50 - 8:20 | L |
| DECEPTION | kl. 11:10 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 8 | L |
| WANTED | kl. 11:10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - (11:10 Power) | 12 |
| DECEPTION | kl. 8 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| HELLBOY 2 | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI
sýningartímar gilda 2. - 4. ágúst

SÝNINGARTÍMAR GILDA LAUG., SUNN. OG MÁN.
NÝTT Í BÍÓ!



Frá mannfólkinu sem færði okkur „Finding Nemo“ og „Ratatouille“
„...meistarverk.“ - New York Magazine
EIN BESTA MYND ALDARINNAR!
"SVONA Á AÐ GERA HROLLVEKJUR!" - STEPHEN KING
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS Á SPENNUTRYLLI Í USA!
AÐ BJARGA HEIMINUM ER HELJARINNAR VINNA!
Það er heill heimur inni í honum sem heldur honum gangandi!
HAGKAUP

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 1D - 3.30D - 5.45D | LL |
| WALL-E LÚXUS ÍSL. TAL | kl. 1D - 3.30D - 5.45D | L |
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8D - 10.30D | L |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 8D - 10.30D | L |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl.1D - 3.45D - 5.50D | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 3 - 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 4 - 5.50 - 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 3.30 - 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 3.50 - 6 - 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


3
millj

# 0

# ónir!

Sölustaðir opnir til **18.40** í dag!

**Nú er potturinn fimmfaldur og stefnir í 30 milljónir. Ekki vitlaust að fá sér miða á lotto.is eða á næsta sölustað!**

Lottó

## > FH datt í lukkupottinn

Nú er ljóst að VISA-bikarmeistarar FH mæta enska úrvalsdeildarliðinu Aston Villa í annarri umferð forkeppni Evrópukeppni félagsliða en drátturinn fór fram í höfuðstöðvum UEFA í gær. „Peningar eru það fyrsta sem manni dettur í hug í kreppunni og þetta er algjör draumadráttur upp á kassann að gera,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, framherji FH, á léttum nótum. „Nei, nei, þetta er alveg frábært og það verður gaman að takast á við þessa menn sem maður horfir á í imbanum.“ Fyrri leikur liðanna fer fram á Villa Park þann 14. ágúst næstkomandi og síðari leikurinn verður á Laugardalsvelli 28. ágúst.



# sport

sport@frettabladid.is

**HANDBOLTAKONAN RUT JÓNSDÓTTIR:** HEFUR LEIKIÐ VEL Á HM U-20 EN ÍSLAND LEIKUR SINN SÍÐASTA LEIK Í DAG

# *Við ætlum að sjálfsögðu að klára þetta með stæl*

Kvennalandslið Íslands í handbolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri hefur farið á kostum á Heimsmeistaramótinu sem fram fer í Makedóníu þessa dagana. Íslensku stelpurnar fengu sem kunnugt er óvænt boð um þátttöku í mótinu þar sem tvær þjóðir drógu sig úr keppni en liðið hefur sannað tilverurétt sinn þar og gott betur en það. Hægri skyttan Rut Jónsdóttir hefur leikið vel í Makedóníu og er hæst allra leikmanna mótsins í stoðsendingum, með 45 stykki.

„Ég er mjög ánægð með hvernig liðið spilar og við erum heldur betur búnar að sýna það að við eigum fyllilega heima á svona sterku móti og það er auðvitað frábært. Við erum búnar að spila sjö leiki á ellefu dögum og það tekur vissulega á en maður finnur ekkert fyrir þreytu þegar vel gengur og síðasti leikur gegn heimaþjóðinni Makedóníu var líklega okkar besti í mótinu til þessa. Það var byrjað að púa á okkur strax frá fyrstu mínútu en við létum það ekki á okkur fá og unnum að lokum með tólf marka mun og heimamenn stóðu upp og klöppuðu fyrir okkur í lokin. Ég held að það gerist ekkert á hverjum degi hérna úti,“ sagði Rut.



Íslensku stelpurnar spila síðasta leik sinn í mótinu í dag þegar þær mæta stöllum sínum frá Japan í leik um þrettánda sætið.

„Með smá heppni værum við að spila um sæti ofar og það er svekkjandi. Við ætlum hins vegar sjálfsögðu að klára þetta með stæl eftir að við höfum staðið okkur svona vel og ég hef fulla trú á því að við gerum það,“ sagði Rut.

Rut heldur svo til Danmerkur, ásamt Auði systur sinni sem leikur einnig með landsliðinu, fljótlega eftir að þær koma heim frá Makedóníu þar sem þær eru að fara reyna sig í dönsku 1. deildinni.

„Ég er að fara að spila meðTvis Holstebro og Auður spilar með Ringköbing og það er bara spennandi dæmi og gaman að prófa eitthvað nýtt. Ég var reyndar að heyra af því að við munum fljótlega spila á móti hvorri annarri í æfingaleik og það verður örugglega eitthvað skrautlegt,“ sagði Rut í gamansömum tóni.

Dregið var í forkeppni Meistaradeildarinnar í gær:

# Stórlaxar í pottinum



**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu og þar voru nokkrir stórlaxar í pottinum.

Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona mæta annaðhvort Beitar Jerúsalem eða Wisla frá Kraká.

Ensku liðin Liverpool og Arsenal voru einnig í pottinum að þessu sinni. Liverpool mætir Standard Liege frá Belgíu og Arsenal leikur gegn hollenska liðinu Bjarna Þór Viðarssyni og félögum í Twente.

Þýska liðið Schalke mætir spænska liðinu Atletico Madrid í einum af stórleikjum umferðarinnar.

Dráttinn í heild sinni má finna á heimasíðu netmiðilsins Vísis. - óþ

**Íþróttakennarar og þjálfarar**

Skráning á SÍMENNTUNARNÁMSKEIÐ ÍKFÍ stendur yfir á ikfi.net til 6. ágúst. n.k.
Allar upplýsingar á heimasíðu félagsins
Stjórn ÍKFÍ

# Námskeið
## frjálsíþróttadeildar FH

Í sumar er eitt námskeið eftir á vegum frjálsíþróttadeildar FH og er það frá 5. ágúst-15. ágúst. Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 6-11 ára (fædd 1997-2002).

Áhersla er lögð á frjálsar íþróttir og fá börnin að spreyta sig í þeim greinum sem frjálsar hafa upp á að bjóða. Mikil áhersla er lögð á að bornin komi með holt nesti og farið er í grænmetis og ávaxtakeppni á milli hópa í nestistímanum. Í lok námskeiðsins er þó boðið upp á pizzaveislu og allir fá viðurkenningaskjöl. Verðið á námskeiðinu er 4.000 krónur. Mæting er uppí Kaplakrika.

**Upplýsingar um námskeiðin** veitir Silja í siljaulf@gmail.com eða Sigrún í sigrunfjeldsted@gmail.com. Það verður einning hægt að skrá börnin á staðnum.

# Draumurinn að veruleika

**Miðjumaðurinn Pálmi Rafn Pálmason gekk á dögunum til liðs við Stabæk. Honum líkar lífið í Noregi og getur ekki beðið eftir því að spila sinn fyrsta leik.**

**FÓTBOLTI** Húsvíkingurinn Pálmi Rafn er búinn að vera hjá Stabæk í rúma viku og er að upplifa draum sinn sem atvinnumaður í fótbolta. Honum líst vel á allar aðstæður hjá norska félaginu og er gríðarlega ánægður með þær móttökurnar sem hann hefur fengið frá aðstandendum félagsins.

„Fólkið hérna hjá Stabæk er búið að taka virkilega vel á móti mér og félagið hefur reyndar orð á sér fyrir að vera svona lítill fjölskylduklúbbur og ég upplifi þetta svolítið þannig. Veigar Páll leikur náttúrulega hjá Stabæk og hann og konan hans Íris hafa hjálpað mér að aðlagast hratt og vel og það er frábært að eiga þau að hérna og ég gæti ekki verið heppnari með það. Ég bý reyndar enn bara á hótelherbergi þannig að ég er ekki alveg búinn að koma mér fyrir, en tilfinningin að vera kominn hingað út og upplifa eitthvað sem maður er búinn að stefna að lengi er frábær. Draumur minn er því orðinn að veruleika. Ég hef aldrei æft jafn mikið og ég gerði síðasta vetur og það skilaði sér. Það má alltaf æfa meira og segja má að ég hafi ef til vill tekið þetta aukaskref sem þurfti til,“ sagði Pálmi.



**ÁNÆGÐUR** Pálmi Rafn viðurkennir að draumur hans um að gerast atvinnumaður í fótbolta sé að rætast hjá Stabæk og hann getur ekki beðið eftir því að spila sinn fyrsta leik. MYND/LARS JARLE MÆHLUM

### Barátta að komast í liðið

Pálmi Rafn skrifaði undir þriggja og hálfs árs samning við Stabæk og getur ekki beðið eftir því að spila sinn fyrsta leik fyrir norska félagið.

„Ég sá Stabæk leika gegn Fredrikstad á heimavelli í toppbaráttuslag um daginn þar sem Stabæk gjörsamlega pakkaði gestunum saman og liðið lék mjög vel. Það er því ljóst að það eru margir mjög góðir leikmenn hjá Stabæk og ég þarf að sýna mig og sanna til þess fá mitt tækifæri. Fyrsti leikurinn sem ég verð löglegur með liðinu er gegn Bödo/Glimt á sunnudag og ég vonast auðvitað til þess að vera í hópnum, en veit ekki hvort ég fái að spila strax. Fyrsta takmarkið er alla vega að ná að vera í hópnum og síðan að vinna sig hægt og rólega inn í þetta. Annars eru æfingarnar búnar að vera góðar og ganga vel fyrir sig og ég ég er því bara fullur tilhlökkunar með framhaldið. Ég er líka aðeins búinn að spjalla við þjálfarann Jan Jönsson og mér líst mjög vel á hann og það fer líka gott orð af honum hérna úti,“ sagði Pálmi vongóður.

Pálmi Rafn lék sína fyrstu A-landsleiki á árinu og er ánægður með að vera kominn með tærnar inn fyrir þröskuldinn á þeim bænum.

„Ég var gríðarlega ánægður með að fá kallið á sínum tíma og ég vona svo sannarlega að ég geti nýst liðinu eitthvað í þeim spennandi verkefnum sem eru framundan hjá liðinu. Það er bæði mikill heiður og ekkert skemmtilegra en að fá að spila fyrir landsliðið og eitthvað sem allir leikmenn stefna að,“ sagði Pálmi að lokum.

omar@frettabladid.is

Andri Stefánsson, fararstjóri íslenska ÓL-hópsins, er löngu mættur til Peking:

# Ólympíuþorpið er glæsilegt

**ÓLYMPÍULEIKARNIR** Andri Stefánsson, aðalfararstjóri íslenska hópsins sem keppir á Ólympíuleikunum, hélt til Peking fyrr í vikunni til þess að undirbúa komu hópsins og er ánægður með aðstæður í ólympíuþorpinu.

„Ég kom til Peking á þriðjudagsmorgun að staðartíma og ólympíuþorpið er glæsilegt og greinilegt að Kínverjarnir standa vel að þessu. Þetta er 15 þúsund manna samfélag sem aðeins keppendurnir og aðstandendur þeirra hafa aðgang að. Í íslenska hópnum eru um fimmtíu manns þegar allir eru taldir, keppendur, þjálfarar og aðrir aðstandendur, sem munu búa í tíu íbúðum sem eru í tveimur blokkum sem standa hlið við hlið. Innan þorpsins er svo alla mögulega þjónustu að fá, þar eru til dæmis verslanir, veitingastaðir, hárgreiðslustofur, tannlæknastofur og ég gæti talið áfram. Umhverfið í ólympíuþorpinu er fallegt og þar er búið að planta gríðarlega mörgum skrautblómum og þar eru manngerðir lækir og stöðuvötn auk skóglendis,“ sagði Andri.



**FALLEGT** Um fjórum milljónum af skrautblómum hefur verið plantað í ólympíuþorpinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrsti íslenski keppandinn kom í ólympíuþorpið í gær en það var badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir.

„Ragna er búin að koma sér fyrir en hún tók fyrsta daginn í hvíld og ætlar svo að byrja að æfa á morgun [í dag] en þá þarf hún að fara út úr ólympíuþorpinu. Þegar nær dregur keppni hjá henni, fær hún svo að æfa í keppnishöllinni sjálfri. Hún hafði orð á því við mig að hún hefði ekki fundið mikinn mun á loftinu hvað varðar mengun og ég tek undir það og vonandi heldur sem horfir með það, en það hefur rignt mikið síðustu daga og rigningin á víst að hjálpa til við að hreinsa loftið,“ sagði Andri. - óþ




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**> Jonathan Rhys Meyers**

„Ég þekki marga leikara sem leika illmenni í kvikmyndum en eru samt hin mestu ljúfmenni.“ Rhys Meyers leikur Hinrik VIII Englandskonung í þættinum The Tudors sem sýndur er á Stöð 2 sunnudaginn 3. ágúst.



# dagskrá

**STÖÐ 2 SPORT KL. 11.30**

## *Formúla í beinni alla helgina*



Stöð 2 sport verður með beina útsendingu frá Formúlu 1-kappakstrinum í Ungverjalandi alla helgina. Á föstudag var sýnt frá æfingum og í dag verður sýnt beint frá tímatökunni. Formúlu 1-brautin í Ungverjalandi er tæpir fjórir kílómetrar að lengd og er lengsti beini kaflinn 700 metrar. Nánast vonlaust er að komast fram úr á brautinni og tímatakan er því mikilvæg og munu keppnisáætlanir og útsjónarsemi reiknimeistara liðanna leika stórt hlutverk í keppninni sjálfri sem fer fram á sunnudag.

Heimsmeistarinn, Kimi Räikkönen hjá Ferrari, þarf nauðsynlega á góðum árangri að halda en hann er nú sjö stigum á eftir Lewis Hamilton, ökumanni McLaren, sem er efstur að stigum, og fjórum stigum á eftir liðsfélaga sínum, Felipe Massa. Ferrari-liðið leiðir hins vegar stigakeppni keppnisliða með 105 stig. BMW Sauber kemur næst með 89 stig, og í þriðja sæti er McLaren með 86.

**Sunnudaginn 3. ágúst**

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Nýi skólinn keisarans, Sígildar teiknimyndir, Fínni kostur, Fræknir ferðalangar, Lára og Sigga ligga lá.
**11.00 Hlé**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Spish** Ísraelsk barnamynd (e)
**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (7:12) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Á flakki um Norðurlönd** (4:8) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Út og suður** Gísli heimsækir Guðjón Kristinsson frá Dröngum á Ströndum. Guðjón hefur getið sér gott orð fyrir að halda á lofti fornu handverki svo sem torfhleðslu og útskurði.
**20.10 Ævintýri - Geiturnar þrjár** (Fairy Tales: Billy Goat) Bresk sjónvarpsmynd þar sem ævintýrið um geiturnar þrjár er fært í nútímabúning.
**21.05 Mikil áform** (Store planer) Dönsk gamanmynd frá 2005 um mann sem er að losna úr fangelsi og á sér þann draum að slá í gegn sem tónlistarmaður.
**22.40 Amy Winehouse á tónleikum**
**23.35 Kellubanarnir** (The Ladykillers)(e)
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Wide Awake**
**10.00 Stick it**
**12.00 Runaway Bride**
**14.00 Annapolis**
**16.00 Wide Awake**
**18.00 Stick it**
**20.00 Runaway Bride**
**22.00 War of the Worlds**
**00.00 The Riverman**
**02.00 Extreme Ops**
**04.00 War of the Worlds**
**06.00 The Weather Man**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífí.
**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.
**09.30 Tommi og Jenni**
**09.55 Kalli litli kanína og vinir**
**10.15 Stóra teiknimyndastundin**
**10.40 Ævintýri Juniper Lee**
**11.05 Bratz**
**11.30 Stuðboltastelpurnar**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.50 Neighbours**
**13.10 Neighbours**
**13.30 Neighbours**
**13.50 Neighbours**
**14.15 Monk** (7:16)
**15.00 Flipping Out** (2:7)
**15.45 Creature Comforts** (2:7)
**16.10 Beauty and the Geek** (2:13)
**16.55 60 minutes**
**17.45 Oprah**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
**19.10 Derren Brown. Hugarbrellur**
**19.35 Life Begins** (6:6)
**20.25 Monk** (16:16)
**21.10 Women's Murder Club** (7:13)
**21.55 The Tudors** (1:10) Leikin þáttaröð um Hinrik VIII Englandskonung sem var ófeiminn við að beita óvini sína hörðu og átti í stormasömu sambandi við fjölda kvenna.
**22.55 Wire** (7:13)
**23.55 Cashmere Mafia** (7:7)
**00.40 Canterbury's Law** (3:6)
**01.25 Campfire Stories**
**03.00 Lackawanna Blues**
**04.35 Life Begins** (6:6)
**05.20 Derren Brown. Hugarbrellur**
**05.45 Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**09.15 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur.
**09.45 Sumarmótin 2008** Sýnt frá Rey-Cup-mótinu sem fram fór í Laugardalnum.
**10.30 Kraftasport 2008** Sýnt frá Hálandaleikunum.
**11.00 Formula 3** Sýnt frá Formúlu 3-mótinu í Brands Hatch þar sem Íslendingar áttu tvo fulltrúa að venju.
**11.30 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Ungverjalandi.
**14.15 World Golf Championship 2008** Útsending frá Bridgestone Invitational.
**17.35 Inside the PGA** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.
**18.00 World Golf Championship 2008** Bein útsending frá Bridgestone Invitational þar sem margir þekktir kylfingar mæta til leiks.
**22.00 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar.
**22.40 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Ungverjalandi.

### SPORT 2

**09.30 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Real Madrid og Hamburg.
**11.10 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Arsenal og Juventus.
**12.50 Emirates Cup 2008** Bein útsending frá leik Juventus og Hamburg.
**14.50 PL Classic Matches** Middlesbrough - Man Utd, 99/00.
**15.20 Emirates Cup 2008** Bein útsending frá leik Arsenal og Real Madrid.
**17.20 Premier League World 2008/09**
**17.50 PL Classic Matches** Charlton - Man Utd, 00/01.
**18.20 Glasgow Rangers - Liverpool** Útsending frá vináttuleik Glasgow Rangers og Liverpool.
**20.00 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Juventus og Hamburg.
**21.40 10 Bestu - Albert Guðmundsson**
**22.25 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Arsenal og Real Madrid.

### SKJÁREINN

**11.10 Vörutorg**
**12.10 Dr. Phil** (e)
**15.55 The Real Housewives of Orange County** (e)
**16.45 The Biggest Loser** (e)
**17.35 Britain's Next Top Model** (e)
**18.25 Design Star** (e)
**19.15 The IT Crowd** Tölvunördarnir Moss og Roy eru ekki mjög vinsælir hjá vinnufélögunum, enda miklir furðufuglar og þykja best geymdir í kjallaranum. (e)
**19.40 Top Gear - Best of** Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverða umfjöllun.
**20.40 Are You Smarter than a 5th Grader** Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu.
**21.30 In From The Night** Sjónvarpsmynd frá árinu 2006. Kona tekur ungan frænda sinn undir sinn verndarvæng eftir að hann flýr ofbeldið á heimili sínu. Tímasetningin er slæm því hún var að fá stóra tækifærið sem rithöfundur og er að hefja nýtt ástarsamband en henni verður fljótt ljóst að hún er eina von frændans unga um betra líf.
**23.00 Goodnight Sweet Wife. A Murder in Boston** Sannsöguleg sjónvarpsmynd frá 1990 um frægt morðmál í Boston. Charles Stuart og barnshafandi eiginkona hans voru skotin í bíl sínum. Eiginkonan lést en skotsár hans voru ekki alvarleg og hann hélt því fram að árásarmaðurinn væri blökkumaður. Í kjölfarið varð mikil togstreita milli kynþátta í borginni.
**00.30 Sexual Healing** (e)
**01.20 Vörutorg**
**02.20 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**18:45 Gönguleiðir** Fyrsti þáttur í 12 þátta seríu um Lónsöræfi. Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir.

### EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.25 Hollyoaks**
**16.50 Hollyoaks**
**17.15 Hollyoaks**
**17.40 Hollyoaks**
**18.00 Seinfeld** (4:13)
**18.30 Seinfeld** (5:13)
**19.00 Seinfeld** (3:24)
**19.30 Seinfeld** (4:24)
**20.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (9:10) Hljómsveitin Pussycat Dolls er vinsæl úti um allan heim. Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls sem mun heita Girlicious og í henni verða þrjár hæfileikaríkar og að sjálfsögðu gullfallegar stúlkur. Fimmtán stúlkur munu keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss.
**20.45 Twenty Four 3** (10:24) Jack eltir Ninu á fund hennar við Amador, Claudia aðstoðar Chase að flýja og Wayne reynir að stöðva hefndaraðgerðirnar gegn Palmer.
**21.30 Entourage** (17:20)
**22.00 Seinfeld** (4:13)
**22.25 Seinfeld** (5:13)
**22.50 Seinfeld** (3:24)
**23.15 Seinfeld** (4:24)
**23.40 Sjáðu**
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link
**11.00** Ballykissangel
**12.00** Ballykissangel
**13.00** Five Big Cats and a Camera
**13.50** Racing with Camels
**14.20** Search for Tigers
**14.50** Elephants - Spy In The Den
**15.40** Smart Sharks - swimming With Roboshark
**16.30** Running With Reindeer
**17.00** Animal Park: Wild in Africa
**17.30** Animal Park: Wild in Africa
**18.00** Animal Park: Wild in Africa
**18.30** Animal Park: Wild in Africa
**19.00** Days that Shook the World
**20.00** Blizzard - Race to the Pole
**21.00** Terry Jones' Barbarians
**22.00** The Song of the Earth
**23.00** Days that Shook the World
**0.00** Blizzard - Race to the Pole


Dalvík




Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Mörgum hættir við að bruna framhjá markverðum stöðum og aldrei að vita hverju þú missir af ef farið er um í óðagoti.

Ferðumst um landið – en förum okkur hægt og komum heil heim.

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA 9080339



> **Julie Andrews**

„Þegar raddböndin gáfu sig hélt ég að öllu væri lokið. En svo fór ég að vinna við útgáfustörf, halda fyrirlestra og leika í bíómyndum án þess að syngja og hef fengið mun fjölbreyttari verkefni en áður. Eða eins og Maria von Trapp sagði: „Þegar guð lokar dyrum opnar hann glugga.“ Andrews leikur í söngvamyndinni The Sound of Music sem sýnd er á Stöð 2 í dag.

# dagskrá

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.55**

## *Kínverski flotinn – Drekar hafsins*



Það var árið 1405 að floti af 200 djúnkum lét úr höfn í Nanjing. Um borð voru 27 þúsund menn og djúnkurnar hlaðnar silki, postulíni og öðrum dýrindis varningi. Zheng He, flotaforingi Yongle Kínakeisara, stjórnaði leiðangrinum. Ekki er vitað með vissu hver ástæða leiðangursins var en ólíkt Evrópubúum sölsuðu Kínverjar ekki undir sig neinar nýlendur. Næstu 28 árin átti Zheng He flotaforingi eftir að fara í sex aðra sambærilega leiðangra til viðbótar. Skipin fóru m.a. til Indlands, Persíu, Arabíu og Afríku og voru næstum öld á undan Vasco da Gama og Kólumbusi að sigla yfir Atlantshafið.

Mánudagskvöldið 4. ágúst sýnir Sjónvarpið þýska heimildarmynd um kínverska flotann og stjórnanda hans, Zheng He. Þar verður reynt að varpa ljósi á djúnkurnar og smíði þeirra, hvert markmið sjóferðanna var og hver Zhen He flotaforinginn var sem stjórnaði þessum leiðöngrum.

**Mánudaginn 4. ágúst**

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Búl, Friðþjófur forvitni, Trillurnar og Hopp og hí Sesamí,
**09.30 Hundaheppni** (e)
**10.50 Hlé**
**15.40 Ólympíuleikarnir í Peking 2008**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur**
**17.55 Gurra grís**
**18.00 Lítil prinsessa**
**18.12 Herramenn** (14:52)
**18.25 Út og suður** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Jóhanna Vigdís ræðir við Ólaf Ragnar Grímsson**
**19.55 Kínverski flotinn - Drekar hafsins** (The Chinese Armada - Dragons of the Sea)
**20.50 Vinir í raun** (In Case of Emergency) (8:13)
**21.10 Anna Pihl** (3:10)
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Slúður** (Dirt II) (15:20)
**23.10 Taggart - Strengjabrúða** (Taggart - Puppet on a String)(e)
**00.25 Jóhanna Vigdís ræðir við Ólaf Ragnar Grímsson** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Home for the Holidays**
**10.00 Pelle Politibil**
**12.00 Dirty Dancing. Havana Nights**
**14.00 Home for the Holidays**
**16.00 Pelle Politibil**
**18.00 Dirty Dancing. Havana Nights**
**20.00 The Weather Man**
**22.00 Jarhead**
**00.00 Dirty Deeds**
**02.00 Special Forces**
**04.00 Jarhead**
**06.00 Shopgirl**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar, Dora the Explorer, Þorlákur, Doddi litli og Eyrnastór, Louie, Funky Valley, Skjaldbökurnar, Litlu Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Oddur önd, Leðurblökumaðurinn, Tracey McBean og Háheimar.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Sisters** (2:24) Dramatískur framhaldsþáttur um fjórar systur sem standa saman í gegnum súrt og sætt.
**13.15 Seabiscuit** Sannsöguleg mynd sem tilnefnd var til sjö Óskarsverðlauna. Hesturinn Seabiscuit er lítt eftirtektarverður en annað kemur í ljós.
**15.40 The Sound of Music** Heimsfræg söngvamynd um nunnuna Maríu sem ræður sig sem barnfóstru hjá von Trapp-fjölskyldunni. Á heimilinu eru sjö börn svo María hefur í nógu að snúast.
**18.30 Fréttir**
**18.55 Veður**
**19.05 The Simpsons** (1:25)
**19.30 Friends**
**19.55 So You Think You Can Dance** Átján bestu dansararnir standa eftir og munu dansa áfram með félaga sínum frá því í síðustu viku.
**21.20 So you Think you Can Dance**
**22.05 Missing** (13:19) Spennumyndaflokkur sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastriani er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum.
**22.50 It's Always Sunny In Philadelphia** (5:10) Önnur þáttaröð gamanþáttaraðar um fjóra félaga sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árekstrar á milli þeirra.
**23.15 Caos and Cadavers** Gamanmynd um ung hjón sem fara í brúðkaupsferðina sína á draumahótelið en á sama tíma er árshátíð útfararstjóra haldin þar.
**00.45 Las Vegas** (4:19)
**01.30 Silent Witness** (5:10)
**02.20 The Sound of Music**
**05.10 Missing** (13:19)
**05.55 Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**16.30 World Golf Championship 2008** Útsending frá Bridgestone Invitational.
**20.30 Sumarmótin 2008** Sýnt frá Rey-Cup mótinu sem fram fór í Laugardal. Þangað mætti til leiks fjöldi liða og þar á meðal erlend lið sem öttu kappi við jafnaldra sína á Íslandi.
**21.15 2006 Ryder Cup Official Film** Ryder Cup árið 2006 er gert upp.
**22.30 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

### SPORT 2

**14.30 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Juventus og Hamburg.
**16.10 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Arsenal og Real Madrid.
**17.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.20 Season Highlights** Allar leiktíðir úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.15 Bestu leikirnir** Blackburn - Bolton.
**20.55 Brazil: Flamengo - Vasco Da Gama** Í þessum þætti verða viðureignir Flamengo og Vasco Da Gama teknar til umfjöllunar. Þessi lið eru frá Brasilíu en ófáir knattspyrnusnillingarnir hafa leikið með þessum félögum.
**21.50 PL Classic Matches** Tottenham - Chelsea, 97/98. Frábær leikur á White Hart Lane í desembermánuði 1997. Gianfranco Zola og félagar fóru á kostum í leiknum.
**22.20 Bestu leikirnir** Liverpool - Middlesbrough.

### SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Rachael Ray**
**19.20 Top Chef** (e)
**20.10 Kimora: Life in the Fab Lane** (8:9) Þáttaröð þar sem Kimora Lee Simmons, stofnandi Baby Phat og Phat Farm, hleypir áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt. Kimora kynnir nýja barnafatalínu til heiðurs dætrum sínum og heldur flotta tískusýningu.
**20.35 Hey Paula** (6:7) Paula ætlar að leigja sér hús á meðan verið er að gera endurbætur á heimili hennar. Hún biður vin sinn Daniel um að sjá um að innrétta nýja húsið en þegar hún sér afraksturinn er hún óánægð og neitar að flytja inn.
**21.00 Eureka** (13:13) Það er komið að lokaþætti fyrstu þáttaraðar. Heilbrigð skynsemi víkur fyrir metnaði þegar Stark fær tækifæri til að prófa leynilega uppfinningu. Eureka færist til framtíðar, nánar tiltekið ársins 2010, þegar allt er breytt og ýmislegt óvænt kemur í ljós.
**21.50 The Evidence** (6:8) Maður er myrtur þegar hann freistar þess að stela víni úr vínkjallara veitingahúss. Lykilinn að morðgátunni er að finna í flösku af eðalvíni.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Criss Angel Mindfreak** (e)
**23.55 Family Guy** (e)
**00.20 Da Vinci's Inquest**
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**18.45 Gönguleiðir** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

### EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (6:13)
**17.30 Entourage** (18:20)
**18.05 American Dad** (1:16)
**18.30 Happy Hour** (1:13)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (6:13) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**20.30 Entourage** (18:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni.
**21.05 American Dad** (1:16) Teiknimyndasería um Stan og fjölskyldu hans.
**21.30 Happy Hour** (1:13) Lánið leikur ekki við Henry. Konan yfirgefur hann og hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Women's Murder Club** (7:13) Fjórar perluvinkonur vinna allar við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.
**22.45 The Tudors** (1:10)
**23.45 Wire** (7:13)
**00.45 Sjáðu**
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Ellý Ármanns, Elísabet Jökulsdóttir og Dr. Gunni.
**21.00 Vangaveltur** Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.30 Í kallfæri** Umsjón: Jón Kristinn Snæhólm. Gestur: Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**







Rétt norðan Akureyrar er beygt til fögru Dalvíkur og þar upp af er sögufrægur Svarfaðardalur. Kjörið að halda svo áfram á Ólafsfjörð og Siglufjörð …

www.ferdalag.is

UMFERÐARSTOFA

Ferðamálastofa
www.ferdalag.is

> **Sienna Miller**

„Ég óska engum illt og er alveg einlæg með það að vilja að öðrum gangi vel. Þetta er ekki meðvituð ákvörðun sem ég hef tekið heldur er ég bara svona.“ Miller leikur í myndinni „Casanova“ sem sýnd er í sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI VILL VITA HVAÐ ER AÐ FRÉTTA

# Jóni finnst Páll vera algjört fífl

Fréttirnar eru stundum skrítnar. Sérstaklega þegar ekkert er í fréttum. Mér finnst það vera frétt þegar eitthvað gerist. Til dæmis þegar rúta fer út af eða þegar brjálaður maður með haglabyssu heldur þorpi í gíslingu. Þá gerðist eitthvað og það er um að gera að segja manni frá því. Þegar barasta ekkert hefur gerst – allavega sem er nógu krassandi til að rísa yfir atburði hversdagsleikans – vilja fréttamenn grafa upp álit einhvers fólks út í bæ og kalla það frétt. Það verður, jú, eitthvað að vera í fréttatímunum.

Þegar ekkert er að frétta fáum við „fréttir“ sem þýða – þegar slepju orðskrúðs og fræðimannaorðalags sleppir – eitthvað í líkingu við það að Jóni finnist Palli vera algjör hálfviti og allt sem hann stendur fyrir sé rugl. Í næsta fréttatíma er okkur svo sagt að Palla finnist Jón sömuleiðis algjör hálfviti og hann ætti að hoppa upp í rassgatið á sér. Við fáum samt aldrei svona berorðar og krassandi „fréttir“ heldur er þetta allt á kurteislegum nótum, helst að maður geti lesið milli línanna á bloggunum, ef maður nennir þeim fúla pytti.



**ALVÖRU FRÉTT?** Er það til dæmis alvöru frétt að honum finnist eitthvað um einhvern?

Það væri frábært ef þessari tegund af fréttamennsku væri haldið í sér fréttatímum en alvöru fréttir væru hafðar sér. Það mætti kalla álitin „álitstíma“ en halda áfram að kalla alvöru fréttir fréttatíma. Ef ekkert væri í fréttum mætti bara segja okkur það. Elín, Bogi eða Sigmar myndu þá bara smæla framan í okkur og segja: Jæja, ekkert merkilegt gerðist í dag svo við sjáum bara fyndnar myndar af fólki að detta þar til áður auglýst dagskrá hefst. Þá þyrfti maður allavega ekki að hlusta á einhvern Jón segja Palla vera fífl, og öfugt, á meðan maður bíður í ofvæni eftir að heyra alvöru fréttir.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45 Family Guy** SKJÁREINN



▶ **20.40 Hoot** STÖÐ 2



▶ **22.00 The Hurricane** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.10 The Class** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.20 Út af sporinu** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Snillingarnir, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.

**10.30 Kastljós** (e)

**11.00 Út og suður** (e)

**11.30 Hlé**

**17.20 Meistaramót FRÍ** (e)

**17.55 Táknmálsfréttir**

**18.05 Tímaflakk** (Doctor Who II) (6:13)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Sápugerðin** Leikin bresk gamanþáttaröð um framleiðslu sápuóperunnar Bergmálsstrandar sem sýnd er á eftir þættinum.

**20.05 Bergmálsströnd** Bresk sápuópera um Susan og Daniel, fyrrverandi kærustupar í strandbænum Polnarren á Cornwall-skaga.

**20.30 Casanova** Bandarísk bíómynd frá 2005. Kvennabósinn Casanova reynir árangurslaust að ganga í augun á hefðarkonunni Francescu í Feneyjum. Aðalhlutverk: Heath Ledger, Sienna Miller, Jeremy Irons, Oliver Platt og Lena Olin.

▶**22.20 Út af sporinu** (Derailed) Bandarísk bíómynd frá 2005. Maður heldur fram hjá konu sinni og er beittur fjárkúgun. Aðalhlutverk: Vincent Cassel, Clive Owen og Jennifer Aniston.

**00.05 Draugasetrið** (The Haunted Mansion) (e)

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Dear Frankie**

**10.00 Failure to Launch**

**12.00 Wedding Crashers**

**14.00 The Pink Panther**

**16.00 Dear Frankie**

**18.00 Failure to Launch**

**20.00 Wedding Crashers** Gamanmynd með Owen Wilson og Vince Vaughn í aðalhlutverkum.

▶**22.00 The Hurricane** Kvikmynd byggð á sannsögulegum atburðum um hnefaleikarann Rubin Carter. Denzel Washington leikur aðalhlutverkið.

**00.20 From Dusk Till Dawn 3**

**02.00 Hybercube: Cube 2**

**04.00 The Hurricane**

**06.20 Annapolis**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Gordon Garðálfur, Funky Valley, Refurinn Pablo og Kalli og Lóa.

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

**09.20 Tommi og Jenni**

**09.45 Íkornastrákurinn**

**10.10 Stóra teiknimyndastundin**

**10.35 Pokemon 6**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.10 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.55 Bold and the Beautiful**

**14.20 So you Think you Can Dance**

**15.45 So you Think you Can Dance**

**16.35 Tekinn 2** (5:14)

**17.10 The Moment of Truth** (5:25)

**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

**18:30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Lottó**

**19.01 Veður**

**19.10 Ice Age: The Meltdown** Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.

▶**20.40 Hoot** Ævintýraleg gamanmynd um Roy sem flytur með fjölskyldu sinni til Flórída. Þar eignast hann góða vini sem eiga það sameiginlegt með honum að vera náttúruunnendur. Þau þurfa að kljást við spillta stjórnmálamenn, gráðuga byggingarverktaka og glórulaus yfirvöld um verndun landsins.

**22.15 Freedomland** Þegar ungur drengur hverfur sporlaust og er talinn af, sakar móðir hans svartan mann úr fátækrahverfinu um að vera viðriðinn málið. Þegar svartur rannsóknarlögreglumaður og aðili frá samtökum sem sérhæfa sig í leit hvítra barna, rannsaka málið kemur ýmislegt óhuggulegt í ljós.

**00.10 Imagining Argentina** Áhrifamikil kvikmynd byggð á samnefndri metsölubók. Myndin gerist á tímum herstjórnarinnar á 8. áratug síðustu aldar, þegar miklar pólitískar ofsóknir áttu sér stað gegn þeim sem buðu valdhöfum birginn.

**01.55 Coach Carter**

**04.05 The Sandlot**

**05.45 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**08.55 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Bein útsending frá lokaæfingum liðanna.

**10.00 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA-mótaröðinni.

**10.30 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.

**11.15 Formula 3** Sýnt frá Formúlu 3 mótinu í Brands Hatch þar sem Íslendingar áttu tvo fulltrúa að venju.

**11.45 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Bein útsending frá tímatöku.

**13.20 Sumarmótin 2008** Sýnt frá Rey-Cup-mótinu sem fram fór í Laugardalnum.

**14.00 Football Rivalries** Celtic - Rangers.

**14.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**15.45 Íslandsmótið í golfi 2008** Útsending frá Íslandsmótinu í golfi sem fram fór í Vestmannaeyjum.

**17.05 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Masters-golfmótið. Í þessum þætti er tekið fyrir mótið árið 1999 þar sem Spánverjinn, Jose Maria Olazabal, sigraði.

**18.00 World Golf Championship 2008** Útsending frá Bridgestone Invitational.

**22.00 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Útsending frá tímatöku.

**23.35 Box - Wladimir Klitschko vs. Tony Thompson**

## 2 SPORT 2

**12.50 Emirates Cup 2008** Bein útsending frá leik Real Madrid og Hamburg.

**14.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**15.20 Emirates Cup 2008** Bein útsending frá leik Arsenal og Juventus.

**17.20 Glasgow Rangers - Liverpool** Útsending frá vináttuleik Glasgow Rangers og Liverpool. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 13.55.

**19.00 10 Bestu - Albert Guðmundsson** Síðasti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**19.55 Emirates Cup 2008** Real Madrid - Hamburg

**21.35 Emirates Cup 2008** Arsenal - Juventus

**23.15 Glasgow Rangers - Liverpool** Útsending frá vináttuleik Glasgow Rangers og Liverpool.

## SKJÁREINN

**09.50 Vörutorg**

**10.50 Rachael Ray** (e)

**14.35 Kimora: Life in the Fab Lane** (e)

**15.00 Hey Paula** (e)

**15.25 Top Chef** (e)

**16.15 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**17.05 Frasier** (e)

**17.30 Style Her Famous** (e)

**17.55 Top Gear** (e) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum. (e)

**18.55 Life is Wild** (e) Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku.

▶**19.45 Family Guy** Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. (e)

**20.10 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. (e)

**20.35 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)

**21.25 The Evidence** Bandarísk sakamálasería. Strangtrúaður Kínverji er myrtur í köldu blóði og Bishop og Cole verða að leita út fyrir raðir lögreglunnar til að leysa málið. (e)

**22.15 Hysteria** The Def Leppard Story Sjónvarpsmynd frá árinu 2001 þar sem sögð er sönn saga þungarokksveitarinnar Def Leppard. Aðalhlutverkin leika Nick Bagnall, Karl Geary og Adam MacDonald.

**23.50 Winning Season** (e)

**01.20 Heart of Fire** (e)

**02.50 Criss Angel Mindfreak** (e)

**03.15 The Eleventh Hour** (e)

**04.05 Jay Leno** (e)

**04.50 Jay Leno** (e)

**05.40 Vörutorg**

**06.40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku.** Endurtekið á klst. fresti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00
### Wedding Crashers



Drepfyndin mynd um félagana John og Jeremy sem finnst ekkert skemmtilegra en að mæta óboðnir í brúðkaupsveislur. Þar eru þeir alltaf hrókar alls fagnaðar og enda kvöldið ávallt í félagsskap fallegra kvenna. Það er að segja þar til John fellur kylliflatur fyrir dóttur stjórnmálamanns og sannfærir Jeremy um að brjóta allar þær piparsveinareglur sem þeir hafa haft í hávegum fram að þessu. Í aðalhlutverkum eru grínararnir Owen Wilson og Vince Vaughn.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The Ice Age. The Meltdown
### Stöð 2 kl. 19.10

Þetta er sjálfstætt framhald teiknimyndarinnar „Ice Age". Ísöldin er nú að líða undir lok og komast dýrin í dalnum í hann krappan þegar í ljós kemur að ísinn í kringum dalinn er að bráðna. Dómsdagsspár reynast sannar og stefnir í allsherjar flóð sem mun sökkva dalnum. Dýrin halda því í langa og stranga ferð í leit að risavaxinni örk sem getur bjargað þeim frá drukknun. Þetta er vönduð ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Út um víðan völl
**09.03** Sólarglingur
**10.13** Umferðarútvarp
**10.15** Mánafjöll
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.58** Umferðarútvarp
**13.00** Á sporbraut
**14.00** Umhverfis jörðina
**15.00** Tímakorn
**15.40** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Umferðarútvarp
**16.12** Gonzo
**17.05** Brjóstdropar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Betri stofan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Bravó, bravó!
**20.00** Bræðraþjóðir á ölduslóð
**20.38** Færeyskir tónar
**21.00** Látún
**21.45** Náttúrupistill
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Borgin í höfðinu
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.25 Hollyoaks**
**16.50 Hollyoaks**
**17.15 Hollyoaks**
**17.40 Hollyoaks**
**18.05 Talk Show With Spike Feresten** (21:22)
**19.30 Entourage** (17:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni.
**20.00 So you Think you Can Dance** (6:23) Dansæðið er hafið á ný. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**21.25 So you Think you Can Dance**
▶**22.10 The Class** (17:19) The Class er bráðskemmtilegu nýr gamanþáttur úr smiðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
**22.40 Talk Show With Spike Feresten** (21:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langsótt og fáránleg.
**23.10 Entourage** (17:20)
**23.35 So you Think you Can Dance**
**01.00 So you Think you Can Dance**
**01.45 The Class** (17:19)
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Great Romances of the 20th Century **13.30** Great Romances of the 20th Century **14.00** Great Romances of the 20th Century **14.30** Great Romances of the 20th Century **15.00** Great Romances of the 20th Century **15.30** Great Romances of the 20th Century **16.00** Great Romances of the 20th Century **16.30** Great Romances of the 20th Century **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** Perfect Day: The Millennium **20.30** Manchild **21.00** Manchild **21.30** Manchild **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who Confidential **0.00** Perfect Day: The Millennium

## DR 1

**9.15** Generalinspektøren **11.00** DR-Dokumentar - Æblehovedet og Kommandanten **12.00** Det lille hus på prærien **12.45** Kær på tur **13.15** Bean - den ultimative katastrofefilm **14.40** Sommerminder **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Bella, Boris og Berta **16.00** De store bjørne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** De store katte **17.30** Hold masken **18.00** Robin Hood **18.45** Never Say Never Again **20.55** PostDanmark Rundt 2008 **21.20** Speedway: Tjekkiets Grand Prix **22.50** Conviction

## NRK 1

**8.55** Norge rundt jukeboks **9.55** Dansefot jukeboks **10.55** Du skal høre mye jukeboks **11.55** Norsk på norsk jukeboks **12.55** Country jukeboks **14.30** Landsskytterstevnet 2008 **16.00** Barnas supershow **16.35** Eventyr på hesteryggen **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Etter at du dro **18.10** Knall og fall i Sommerkollen **19.10** Sjukehuset i Aidensfield **20.00** Fakta på lørdag: Sexrevolusjonen i Kina **20.50** Komiprisen 2008: Årets morsomste **21.00** Kveldsnytt **21.15** Gledens hus **23.30** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Musik är livet **10.30** Vägen till OS **11.30** Uppdrag granskning - sommarspecial **12.30** Tre kärlekar **13.30** Allsång på Skansen **14.30** Minnen av Vatten och Papper **16.00** Lenny och Knirp **16.05** Disneydags **17.00** Barnen på Luna **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Minnenas television **19.00** Kriminaljouren **19.45** Guld - till vilket pris? **20.45** Friidrott: SM utomhus 2008 **21.05** Rapport **21.10** Motorsport: VM i speedway **22.10** Den galna jakten på ringen **23.45** Rose och Maloney **0.30** Sändningar från SVT24



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## PERSÓNAN



*Tanya Pollock*

**Aldur:** 26 ára.
**Starf:** Rek Tónlistarþróunarmiðstöðina.
**Fjölskylda:** Er í sambúð með Tómasi Þórarni Magnússyni og á eina dóttur, Isis Helgu.
**Foreldrar:** Daniel Pollock, tónlistarmaður og rokkari, og Sigríður Sigurðardóttir leikskólakennari.
**Búseta:** Vesturbærinn.
**Stjörnumerki:** Meyja.

# Ljósalagið veldur óánægju

Ár hvert síðan 2002 hefur Ljósalagið verið valið í Reykjanesbæ í tengslum við Ljósanóttina. Verðlaunin eru jafnan vegleg og í ár bárust 40 lög í lagakeppnina. Fimm fóru í netkosningu eftir að fjögurra manna dómnefnd hafði valið. Nú er niðurstaðan klár, Í faðmi Ljósanætur eftir Halldór Guðjónsson með texta eftir Írisi Kristinsdóttur, bar sigur úr býtum í netkosningunni og er Ljósalag ársins. Höfundarnir eru 500 þúsund krónum ríkari.

Ekki eru allir sáttir við niðurstöðuna. Einn þeirra, Guðmundur Rúnar Lúðvíksson, gekk reyndar svo langt að hann stofnaði nýja heimasíðu, www.ljosalag.com, þar sem má heyra önnur lög en þau fimm sem fóru í úrslit.



**SAFNAR EKKI ÓÁNÆGJU** Rúnari er alveg sama um úrslitin.

Honum finnst framkvæmd keppninnar skrítin. „Það mátti senda inn lög til miðnættis 14. júlí, en daginn eftir, klukkan 11 fyrir hádegi, voru lögin sem þóttu best komin á netið,“ segir hann. „Dómnefndin segist hafa hlustað 3-4 sinnum á lögin 40 svo það er ansi vel af sér vikið á ellefu tímum yfir hánótt. Það hefði nú mátt gefa sér meiri tíma.“

Þetta er ekki í fysta skipti sem óánægju gætir með keppnina eins og Rúnar Júlíusson þekkir. „Það er alltaf óánægja með eitthvað,“ segir hann og hlær. Hann söng sigurlagið í fyrra, „Ó Keflavík“ eftir Jóhann Helgason. „Þá urðu þeir í Njarðvíkum óánægðir og fannst þeir útundan. Það hefur ýmsum aðferðum verið beitt til að velja lagið.



**SKRÍTIN FRAMKVÆMD** Guðmundi R. Lúðvíkssyni finnst framkvæmd Ljósalagsins tortryggileg.

Skemmtilegast fannst mér þegar lögin í úrslitum voru spiluð læf á tónleikum og svo valdi dómnefnd og salurinn.“

Sjálfur átti Rúnar einn texta í ár við lag sem komst ekki í úrslit. Hann er ekkert að kippa sér upp við það. „Nei, ég er lítið í því að safna óánægju, og ekki heldur óvinum,“ segir Rúnni Júl.

- glh

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** kraðak, **8.** spíra, **9.** skjön, **11.** tvíhljóði, **12.** litur, **14.** bragðbætir, **16.** ekki, **17.** hyggja, **18.** angan, **20.** til, **21.** klúryrði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bumba, **3.** í röð, **4.** ásaka, **5.** efni, **7.** hringfari, **10.** beiskur, **13.** gagn, **15.** kappklæða, **16.** trjátegund, **19.** hef leyfi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** ös, **8.** ála, **9.** mis, **11.** au, **12.** brúnn, **14.** krydd, **16.** ei, **17.** trú, **18.** ilm, **20.** að, **21.** klám.

**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** aá, **4.** klandra, **5.** tau, **7.** sirkill, **10.** súr, **13.** nyt, **15.** dúða, **16.** eik, **19.** má.



**BUBBI OG JÓN ATLI** Bubbi var í leiklistarstúdíói í Hollywood á sínum tíma og Jón Atli ætlar meðal annars að vinna með það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JÓN ATLI JÓNASSON: SKRIFAR LEIKRIT UM KÓNGINN OG LEIKSTÝRIR

# Bubbi leikur Bubba á sviði

„Mér finnst hann bara of stór stærð til að fá einhvern leikara til að leika hann,“ segir Jón Atli Jónasson leikskáld.

Jón Atli er að skrifa leikrit sem byggir á ævi Bubba Morthens. Til stendur að Bubbi leiki sjálfan sig í verkinu sem verður sett á svið í Borgarleikhúsinu. Að sögn Magnúsar Geirs Þórðarsonar leikhússtjóra er að því stefnt að verkið fari upp á leikárinu 2009-2010. „Þetta er leikrit þótt tónlistin komi að sjálfsögðu við sögu. Of snemmt er að tjá sig um efni verksins en það eru gríðarlega spennandi hugmyndir sem verið er að þróa. Þetta eru frábærir menn, Jón Atli og Bubbi,“ segir Magnús sem nýverið tók við stjórn Borgarleikhússins. Og er í óða önn við að skipuleggja næsta og næstu leikár.

Jón Atli er margverðlaunað leikskáld og hefur skrifað fjölda verka sem hafa notið mikillar velgengni, til dæmis í samvinnu við Vesturport. Hann hefur annars starfað með þekktustu leikurum þjóðarinnar, þeim sem ekkert kunna og allt þar á milli. „Meðal þess sem er áhugavert við þetta verkefni er að það hefur „commercial element“ í sér. Bubbi er þekktasti tónlistarmaður landsins, margir hafa áhuga á honum, hann er umdeildur og ég hef oft verið viðriðinn sýningar sem ekki hafa þetta element,“ segir Jón Atli. Hann mun leikstýra verkinu sjálfur auk þess að skrifa það og verður þetta frumraun hans á því sviði. Leikritið byggir Jón Atli á bók sem hann skrifaði um Bubba, í samvinnu við Bubba og kom út árið 2006. Verkið er einleikur sem þýðir að Bubbi einn stendur á sviðinu og leikur sjálfan sig. Sem getur reynst erfitt.

„Bubbi er náttúrulega sviðsvanur. Það er ekki hægt að klikka á þessu. Þetta verður eitthvað fríkað,“ segir Jón Atli spurður hvernig það leggist í hann að starfa með Bubba á leiksviði þar sem hann telst óreyndur. En þó ekki með öllu. Árið 1998 lék Bubbi í rokk-salsa-popp-söngleiknum Carmen Negra í Íslensku óperunni og fór þar með hlutverk hermannsins Remendados. Þá fór Bubbi með lítið hlutverk í kvikmyndinni Skilaboð til Söndru. „Já, já, og svo lærði hann leiklist úti í Hollywood. Eins og þeir gera þetta þar, í stúdíótímum, og þar lék hann í þeim nokkrum hlutverk Stanleys í Sporvagninum Girnd. Við vinnum eitthvað með það,“ segir Jón Atli.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Magnús Ver Magnússon**, fyrrum sterkasti maður heims, komst í fréttir fyrir nokkru þegar hann var yfirheyrður af lögreglu grunaður um að hafa gengið í skrokk á kraftlyftingakappanum **Jóni „Bónda“ Gunnarssyni** að heimili þess síðarnefnda. Magnúsi barst nýverið bréf frá lögreglu þar sem kom fram að ástæðulaust væri að rannsaka málið frekar því Jón ber að hann hafi, við komu Magnúsar, hrasað um þröskuldinn og dottið á dyrastafinn.



Líður að tónleikum **Erics Clapton** og er unnið hörðum höndum við undirbúning. Sérstök leiguvél flaug til landsins 12 tonnum af græjum, minna má það ekki vera fyrir gítargoðið sem stígur á stokk í Egilshöll 08.08.08.



Mikið var rætt og ritað um í vikunni hverjir ætluðu að mæta við innsetningu forsetans í kjól og hvítu eins og etiketturnar segja til um. **Grétar Mar Jónsson**, skipstjórinn knái og alþingismaður í Njarðvík, sagði til dæmis hann ætti ekki kjólföt og hefði engan áhuga á að eignast slíkt til að elta fordildina. En óvíst er að þetta hafi bitið hið minnsta á herra **Ólaf Ragnar Grímsson** því gleymst hefur að rifja það upp að þegar frú **Vigdís Finnbogadóttir** hóf sitt 3. kjörtímabil sem forseti árið 1992 þá var Ólafur Ragnar ekkert á því að vera að mæta við þá hátíðlegu athöfn sem snobbhænsn á kjólfötum en sýndi þó Vigdísi tilhlýðilega virðingu með því að mæta í sínum bestu jakkafötum.



- jbg

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Sváfu innan um rándýr í Keníu

„Þessi ferð var engu lík,“ segir handknattleiksmaðurinn Sigurður Eggertsson, sem er nýkominn frá Keníu. Þar var hann ásamt vini sínum Magnúsi Birni Ólafssyni í tæpar fjórar vikur. Hann segir landið heillandi að undanskilinni höfuðborginni. „Naíróbí er álíka spennandi og frunsa. Mikil mengun og óþrifnaður. Einu sinni stóð Maggi á götuhorni og kveikti sér í rettu. Hverfið var ekki heillandi, sorphrúgur um allt og geitur og menn að éta úr þeim. Svo var kallað til Magnúsar. Þar var maður sem sat á hækjum sér með allt niðrum sig að halda kjötkveðjuhátíð [hægja sér]. Hann skipaði Magnúsi að drepa undir eins í rettunni. Það væri nefnilega bölvaður sóðaskapur af þessum sígarettum. Reykingar utandyra eru víst lögbrot í Keníu,“ segir Sigurður.

Þeir félagar fóru í safaríferð sem var vel heppnuð en í henni sáu þeir öll þau stóru dýr sem Kenía státar af. „Oftar en ekki í ískyggilegri nálægð. Við tjölduðum á miðri sléttunni og það eina sem skildi okkur og villidýrin að var lítill varðeldur og gamall maður með spjót,“ segir Sigurður en þeir félagar vöknuðu upp um nóttina við hýenuhláturskast úr óþægilegri nálægð. „Út um rifu á tjaldinu sáum við sofandi varðmanninn og kulnandi eldinn. Ég stakk upp á að renna svefnpokunum saman til varnar skepnunum en Magnús tók það ekki í mál. Það var grunnur svefninn þá nótt,“ segir Sigurður.



**GLÆPUR Í AÐSIGI** Magnús kveikir sér í sígarettu sem er ólöglegt utandyra í Kenía.

Sigurður sagði í samtali við Fréttablaðið áður en hann hélt utan að hann hefði heyrt að nótt með hreinni mey myndi geta læknað þrálát nárameiðsl hans. „Það hljómar mun betur en árangurinn segir til um. Ég er á leið upp á skurðarborðið í tíunda sinn.“

- shs

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
OPIÐ Í DAG 11-14
Úrval fiskrétta á grillið
Óbreytt fiskverð frá áramótum



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Gerum hús að heimili



40% AFSLÁTTUR

| | | |
|---|---|---|
| Stóll | Verð | 75.000 |
| | Nú | 45.000 |
| Hliðarborð | Verð | 75.000 |
| | Nú | 45.000 |
| Spegill | Verð | 35.000 |
| | Nú | 21.000 |

40% AFSLÁTTUR

| | | |
|---|---|---|
| Borð 180x90 | Verð | 75.000 |
| | Nú | 45.000 |
| Stóll | Verð | 17.500 |
| | Nú | 10.500 |
| Glerskápur | Verð | 145.000 |
| | Nú | 87.000 |





40% AFSLÁTTUR

| | | |
|---|---|---|
| Sófi 3ja sæta | Verð | 145.000 |
| | Nú | 87.000 |
| Stóll | Verð | 45.000 |
| | Nú | 27.000 |
| Kommóða | Verð | 115.000 |
| | Nú | 69.000 |

40% AFSLÁTTUR

| | | |
|---|---|---|
| Borð + 6 stólar | Verð | 133.000 |
| | Nú | 79.800 |
| Skenkur | Verð | 89.000 |
| | Nú | 53.400 |
| Glerskápur | Verð | 115.000 |
| | Nú | 69.000 |



# ÚTSALAN ER HAFIN
# ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 , LOKAÐ SUNNUDAG OG MÁNUDAG

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS


FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Ég veit þú kemur*

Á hverju sumri bjóða Vestmannaeyingar þjóðinni til veislu. Boðskortið er frumlegra en gengur og gerist. Yfirleitt birtist það í formi furðulegs kitls í maga sem ágerist eftir því sem nær dregur verslunarmannahelgi. Þessu er hægt að gera ráð fyrir á hverju ári því aldrei þarf að velkjast í vafa um það hvort af þjóðhátíð verði. Þar ráða nefnilega hvorki veður né fjármunir, heldur hefðin ein. Vestmannaeyingar mega svo sannarlega vera stoltir því engum öðrum stað á landinu hefur tekist að skapa jafnsterka hefð fyrir útihátíð.

**ÞEIR** leggja líka á sig ómælda vinnu við undirbúning gleðskaparins sem felst meðal annars í því að skreyta Herjólfsdal, hátíðarsvæði sem virðist hafa verið skapað frá náttúrunnar hendi í þeim tilgangi einum að nokkur þúsund manna kór komi hér saman í brekkusöng. Þótt náttúran hafi ekki haft fyrir því að mála fyrir okkur hofið eða panta bjórinn sá hún okkur sem betur fer fyrir fólki sem nennir því. Aðkomufólk ætti samt að nýta þessi helgi til að kynnast Heimaey. Þar er nefnilega margt fleira en aðeins Herjólfsdalur, kamrarnir og gámarnir þar sem maður getur látið hlaða farsímana.

**VONANDI** eiga gestirnir eftir að njóta nógu góðrar heilsu þessa helgi til að geta til dæmis brugðið sér út á Skans og vappað niður í fjöru eða jafnvel farið í siglingu. Við sem tilheyrum þeim hluta þjóðarinnar sem aldrei hefur skellt sér á sjóinn eða haft dug til að reka eigið fyrirtæki lítum á volkið sem tilheyrir almennilegri íslenskri útihátíð sem prófstein á þolgæði okkar. Þetta er manndómsvígslan okkar og í raun er allt unnið fyrir gýg ef vistin verður of þægileg. Rennblautt tjald er partur af prógramminu.

**FRÁ** Vestmannaeyjum fer maður síðan aðeins til að geta snúið aftur. Ekki það að það líti alltaf út fyrir að maður komist til baka. Þar á umsviptingasöm veðrátta oftast sök. Flugvélar treysta sér ekki í loftið og bátar snúa aftur til hafnar eftir daglangt volk á úfnu hafi með grænleita farþega. En oftar er það nú fegurð Eyjanna sem dregur mann til sín. Hún á það til að fá mann til að kikna í hnjánum og óska þess að maður geti endalaust legið frammi á klettabrún að fylgjast með dullarfullu lífi lunda og enn furðulegri ferðum skýja yfir himininn. Ég veit ekki með ykkur, en ég er farin út í Eyjar.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 2. ágúst, 216. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.39 | 13.34 | 22.26 |
| Akureyri | 4.07 | 13.19 | 22.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


